

Ný störf með nýju stöðinni

Rekstur og uppbygging CODA Terminal, nýrrar kolefnisförgunarstöðvar, mun skapa 600 bein og afleidd störf. Þar verður tækni Carbfix notuð til að dæla koldíoxíði ofan í berglög, bæði að utan og frá Íslandi. Kostnaður er áætlaður um 35 milljarðar.

UMHVERFISMÁL Gert er ráð fyrir að rekstur og uppbygging CODA Terminal, nýrrar kolefnisförgunarstöðvar í Straumsvík, muni skapa 600 bein og afleidd störf. Í stöðinni verður tekið við koldíoxíði, bæði innanlands og að utan til förgunar með Carbfix-tækninni.

Verkefnið er hugsað sem eignar- og rekstrarfélag sem fjárfestar kæmu að með einum eða öðrum hætti ásamt tengdum aðilum. Áætlaður heildarkostnaður er á bilinu 30 til 35 milljarðar króna.

Í gær greindi Fréttablaðið frá því að föngunar- og förgunarstöð Carbfix og svissneska fyrirtækisins Climeworks á Helliðshöfði væri langt á veg komin og yrði opnuð í byrjun júní. Sú stöð mun geta fargað 4 þúsund tonnum af koldíoxíði árlega og dælt niður í berglög. Gert er ráð fyrir að förgunarstöðin í Straumsvík muni farga allt að 3 milljónum tonna árlega.

„Með móttöku og förgun á koldíoxíði á stórum skala tekur Ísland að sér mikilvægt frumkvöðlahlutverk í loftslagsaðgerðum heimsins,“ segir Edda Sif Pind Aradóttir, framkvæmdastjóri Carbfix. Koldíoxíðið verður flutt til stöðvarinnar með sérhönnuðum skipum sem ganga fyrir umhverfisvænu eldsneyti. Efnið kemur bæði frá iðjustarfssemi og stöðvum sem fanga beint úr andrúmsloftinu.

Undirbúningur að byggingu CODA Terminal hefst strax á þessu ári. Rannsóknarboranir hefjast á næsta ári og stöðin verður opnuð

Boða komu sína til Húsavíkur

MENNING Netflix og höfundar lagsins sem söngkonan Molly Sandén söng á Húsavík hafa lofað að koma með styttna í bæinn vinni lagið Óskarsverðlaun. Myndband sem tekið var upp af húsviskum stúlkna-kór syngja lagið með Sandén verður frumflutt á hátíðinni.

„Þetta verkefni er búið að gefa okkur tækifæri til að skapa hvern viðburðinn á fætur öðrum sem fyllir bæinn af gleði og brosandlitum,“ segir Örlygur H. Örlygsson, hóteltjóri á Húsavík. – gar / sjá síðu 2

Með móttöku og förgun á koldíoxíði á stórum skala tekur Ísland að sér mikilvægt frumkvöðlahlutverk í loftslagsaðgerðum heimsins.

Edda Sif Pind Aradóttir, framkvæmdastjóri Carbfix



árið 2025. Gert er ráð fyrir fullum afköstum árið 2030. Nákvæm staðsetning hefur ekki verið ákveðin.

„Nágrenni Straumsvíkur með gnægð af fersku basalti og öflugum grunnvatnsstrauma felur í sér kjöradstaður,“ segir Edda Sif en tæknin sem notuð er felur í sér að leysa koldíoxíð upp og dæla því niður þar sem það steinrennur. Förgunargeta íslensks basalts er mun meiri en þörfin. Á öllu landinu má binda allt að 200-falda árslosun jarðarbúa.

Í vetur innleiddi Alþingi Evrópu-reglur um förgun og flutning koldíoxíðs, fyrirtæki á ESB- og EES-svæðinu get nú nýtt sér tæknina til frádráttar frá losunarbókhaldu. Verðið hefur hækkað undanfarið og stendur nú í 6.600 krónum á tonn. Þetta er mun dýrara en að farga, en í nýju stöðinni á Helliðshöfði er kostnaðurinn 3.500 krónur á tonn. – klg

Þyrlurnar þurfa að fá betri stað

ÖRYGGI Eins og stendur uppfyllir skyli Landhelgisgæslunnar á Reykjavíkflugvelli ekki öryggiskröfur fyrir nýjar þyrlur sem á að kaupa.

Dómsmálaráðuneytið vill að þyrlurnar fái framtíðarstað á flugvelli-inum en þyrlupallur við Landspítala verði aðeins nýttur í um fimmtungi lendingu vegna hávaða.

Skipulagsfulltrúinn í Reykjavík hefur málið nú til skoðunar og freistar þess að finna þyrlunum framtíðarstað hægra megin á brautarendanum. – gar / sjá síðu 4



Enn einn vorboðinn birtist í höfuðborginni í gær þegar nemendur úr Menntaskólanum í Reykjavík klæddust búningum og dimmiteruðu. Þessir nemendur klæddu sig upp sem Tumi tígur og skemmtu sér konunglega. Fleiri myndir frá dimmiteringunni má sjá á vef Fréttablaðsins, frettabladid.is FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

OPIÐ Í DAG
sumardaginn fyrsta



Gleðilegt sumar!

KRÓNAN

Læknar uggandi yfir reglunum

COVID-19 Frumvarp um boðaðar breytingar á sóttvarnalögum var tekið til fyrstu umræðu á Alþingi í gær. Svandís Svavarsdóttir heilbrigðisráðherra sagði á þingi að öll sóttvarnabrot að undanfögnu mætti rekja til landamæra. Af þeim sökum væri farið í það að herða aðgerðir á landamærum á þessum tímamarki.

„Samkvæmt upplýsingum frá smitrakningarteymi greindust á tímabilinu 1. febrúar til 1. apríl síðastliðinn 202 virk COVID-19 smit á Íslandi.

» Öll smitin frá 1. febrúar til 1. apríl má rekja til smita á landamærum.

Af þeim greindust 105 á landamærum og 97 innanlands og rakingin á þessum smitum hefur leitt í ljós að öll COVID-19 smitin á þessu tímabili má rekja til smita frá landamærum,“ segir Svandís.

Stjórn Læknafélags Íslands (LÍ) telur að verið sé að grípa til réttra aðgerða, en gerir alvarlegar athugasemdir við það að íslensk stjórnvöld ætli ekki að styðjast við samevrópskt áhættumat, heldur byggja aðgerðir sínar á séríslensku áhættumati. Læknafélagið telur einnig að við mat á því hvenær eigi að aflétta samkomutakmörkunum eigi frekar að miða við þegar eldra fólk verður fullbólusett, en ekki fyrri sprautu.

–hó

Forsetar síðustu áratuga sameinuðust



Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands, og Vigdís Finnbogadóttir og Ólafur Ragnar Grímsson, fyrrverandi forsetar lýðveldisins, voru viðstödd þegar hornsteinninn var lagður að Húsi íslenskunnar sem nú ris við Arngrímögötu. Þar verður sýning á handritunum sem Danir skiluðu okkur Íslendingum við hátiðlega athöfn fyrir hálfri öld. Byggingin mun einnig hýsa Stofnun Árna Magnússonar og starf Háskóla Íslands. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



Gífurleg eyðilegging varð í skriðuföllunum í desember. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Fyrsta skriðuhúsið keypt

SEYÐISFJÖRÐUR Björn Ingimarsón, sveitarstjóri Múlaþings, hefur fengið umboð til þess að ganga frá kaupum á Hafnargötu 42 frá byggðarráði Múlaþings. Er þetta fyrsta húsið sem sveitarfélagið kaupir þar sem íbúum hefur verið bannað að búa áfram.

„Þegar sú ákvörðun er tekin að meina fólki að búa þarna, sem var ekki auðveld ákvörðun, þá liggur fyrir að okkur ber að leysa eignirnar til okkar. Þarna er komið samkomu-

lag og þá er málið klárað,“ segir Björn.

Alls verða keyptar sex íbúðir en í Hafnargötu 42 eru tvær íbúðir og segir Björn að hann sé að vinna að því að funda með öllum húseigendum. „Þegar það eru komnar niðurstöður þá er það afgreitt. Ég á í viðræðum við húseigendur og vonandi klárast það í næstu viku. Sums staðar klárast þetta strax en annars staðar tekur það lengri tíma,“ segir Björn. –bb

Lagahöfundarnir lofa að koma með styttna

Vinni lagið Husavík til Óskarsverðlauna heita lagahöfundarnir og Netflix að koma með styttna til Húsavíkur. Má búast við að stúlkurnar úr kórnum sem syngja lagið með Molly Sandén á Óskarnum fái þá að hampa styttni sjálfri.

MENNING „Þetta verkefni er búið að gefa okkur tækifæri til að skapa hvern viðburðinn á fætur öðrum sem fyllir bæinn af gleði og brosandilum,“ segir Örlygur Hnefill Örlygsson, hóteltjóri á Húsavík.

Lagið Husavík úr Netflix-mynd Wills Ferrel um Eurovision-keppendur frá Húsavík er sem kunnugt er tilnefnt til verðlauna á Óskarsverðlaunahátíðinni sem fram fer í Bandaríkjunum á sunnudagskvöld. Sænska söngkonan Molly Sandén, sem söng lagið í myndinni, var á Húsavík um liðna helgi þar sem tekið var upp myndband sem flutt verður á hátíðinni.

Með Sandén í myndbandinu er stúlnakór frá Húsavík. Þar í bæ eru menn vongóðir. Helgi Jónsson, útsendari sjónvarpsstöðvarinnar Hringbrautar, var á staðnum.

„Lagahöfundarnir og Netflix eru búnir að segja að auðvitað komi þeir hingað með styttna til að sýna okkur hana. Og náttúrulega þessum frábæru stelpum sem syngja á Óskarnum. Þær náttúrulega fá að sjá hana líka – og kannski halda á henni,“ sagði Örlygur í innslagi Helga í þættinum Fréttavaktinni á Hringbraut um þann möguleika að Húsavíkurlagið hreppi Óskarinn. Lagahöfundarnir fylgdust einmitt með upptökum með stúlkunum í gegn um fjarfundarbúnað og báru lof á söng þeirra.

Sjálf lék söngkonan Sandén á als oddi í Húsavíkurheimsókninni. Auk þess að syngja og bregða á leik með stúlkunum úr kórnum flutti hún Húsavíkurlagið í Húsavíkurkirkju og fylgdist Hringbraut með því.

Að því er Örlygur sagði á Fréttavaktinni hafa fjórar milljónir



Molly Sandén flutti Húsavíkurlagið í Húsavíkurkirkju. MYND/HRINGBRAUT

Það sem er kannski best við þetta verkefni er að það er búið að skapa svo mikla gleði.

Örlygur Hnefill Örlygsson, hóteltjóri á Húsavík



„Þetta var mikil lukka fyrir okkur,“ sagði Örlygur um allt ævintýrið sem enn er ekki úti. „Það er nú það sem er kannski best við þetta verkefni, að það er búið að skapa svo mikla gleði.“

Í ádurnefndu myndbandi úr þættinum Fréttavaktinni á sjónvarpsstöðinni Hringbraut má meðal annars sjá sænsku söngkonuna Molly Sandén flytja lagið Husavík í Húsavíkurkirkju og stúlnakórinn við upptökur. Innslagið frá Húsavík er tengt þessari frétt á fréttablaðið.is og sjá má Fréttavaktina á vef Hringbrautar.

gar@frettabladid.is



Mikið úrval af HVÍLDARSTÓLUM með og án rafmagns lyftibúnaði



Komið og skoðið úrvalið

NYFORM

HÚSGAGNAVERSLUN

Strandgötu 24 | 220 Hafnarfjörður | Sími 565 4100 | nyform.is

Sumarhátíð DORMA

Í DAG - SUMARDAGINN FYRSTA - KL. 11-17
Á SMÁRATORGI OG Í HOLTAGÖRÐUM



TAXFREE
afsláttur af öllum vörum*

EXTRATILBOÐ
25-40% AFSLÁTTUR AF VÖLDUM VÖRUM

* Taxfree tilboðið jafngildir 19,35% afslætti og gildir á öllum vörum nema vörum frá Simba. Gildir ekki ofan á önnur tilboð eða af sérpöntunum. Að sjálfsgöðu fær ríkissjóður virðisaukaskatt af söliverði. Afslátturinn er alfarið á kostnað Dorma.

Verslanir DORMA á Akureyri og Ísafirði eru lokaðar í dag en vefverslun á www.dorma.is er alltaf opin.

Afgreiðslutími Rvk
Mán. til fös. kl. 11-18
Laugardaga kl. 11-17

Holtagörðum, Reykjavík
512 6800
Smáratorgi, Kópavogi
512 6800

Dalsbraut 1, Akureyri
558 1100
Skeiði 1, Ísafirði
456 4566

DORMA

Láttu drauminn rætast

Telur að atvinnuleysi hafi nú þegar náð hápunkti sínum

VINNUMARKAÐUR „Atvinnuleysi hefur þegar náð hápunkti sínum og hefur lækkað tvo mánuði í röð og mun væntanlega lækka eftir því sem líður á sumarið,“ segir Unnur Sverrisdóttir, forstjóri Vinnuástafofnunar, í skriflegu svari við fyrirspurn Fréttablaðsins.

Almennt atvinnuleysi var ellefu prósent í mars og minnkaði úr 11,4 prósentum í febrúar og 11,6

prósentum í janúar. Unnur segir minnkunina meðal annars koma til vegna hefðbundinnar árstíðasveiflu á vinnumarkaði og átaksins Hefjum störf.

„Að óbreyttu má búast við að almennt atvinnuleysi fari undir tíu prósent í júní og haldist þar fram á haust, þegar það eykst lítið fram á áramótum,“ segir Unnur.

Atvinnuleysi í mars mældist



Að óbreyttu má búast við að almennt atvinnuleysi fari undir tíu prósent í júní.

afgerandi mest á Suðurnesjum, almennt atvinnuleysi mældist þar 23,2 prósent og 25 prósent þegar einstaklingar á hlutabótaleið eru taldir með. Unnur segir atvinnu-

leysi á Suðurnesjum þó hafa minnkað á síðustu tveimur mánuðum og að búast megi við að sú þróun haldi áfram.

„Þó má gera ráð fyrir að um leið og ferðaþjónustan fer aftur af stað, minnki atvinnuleysi nokkuð ört, en ferðaþjónustan er mannaflafrek,“ segir Unnur og tekur sem dæmi umtalsverðan áhuga meðal ferðamanna frá Bandaríkjunum á að

heimsækja Ísland síðla sumars og næsta haust.

„Þar sem bólusetningar hafa gengið mjög vel og ef við gætum mætt þeirri eftirspurn með góðu móti, það er tekið á móti bólusettingum ferðamönnum eftir því sem líður á sumarið, má búast við að atvinnuleysi minnki hratt og þá sérstaklega á Suðurnesjum,“ segir Unnur. – **bdj**



Gullni hringurinn samanstandur af Þingvöllum, Geysi og Gullfossi.

Reyna að stýra álaginu betur

FERÐAMÁL Þórdís K. R. Gylfadóttir, ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra, kynnti í gær nýja heildstæða nálgun áfangastaðastjórnunar og er hún kölluð Varða.

Fyrstu áfangastaðirnir þar sem ferli verður hafið til að verða Vörður eru Gullni hringurinn: Gullfoss, Geysir og Þingvallabjörgarður, ásamt Jökulsárlóni.

„Vörður verða markaðssettar til íslenskra og erlendra ferðamanna og er ætlunin að úr verði þekkt merki sem ferðamenn leita uppi við skipulagningu á ferðalögum sínum,“ sagði ráðherrann.

Staðirnir þurfa að sýna fram á langtímaskuldbindingu til þess að framfylgja skilgreindum viðmiðum við stjórnun og skipulagningu meðal annars hvað varðar hönnun innviða, aðgengi, fræðslu, öryggi, álagstýringu og fleira. – **bb**

Norðmenn lána okkur bóludefni

COVID-19 Íslendingar munu fá að láni 16 þúsund skammta af bóludefni AstraZeneca frá Noregi. Um er að ræða samkomulag milli landanna tveggja sem sagt er styrkja enn frekar bóludefnaáætlun Íslands. Þetta kemur fram á vef Stjórnarráðsins.

Gert er ráð fyrir að bóludefnið berist til landsins um komandi helgi og fari í dreifingu í næstu viku. Þórolfur Guðnason sóttvarnalæknir hefur gefið það út að bóludefnið skuli nýta til einstaklinga yfir sextíu ára. – **bdj**

Gæsluþyrlur fá nýja aðstöðu við brautarendu flugvallarins

Skýli Landhelgisgæslunnar á Reykjavíkurflogvelli uppfyllir ekki öryggiskröfur fyrir nýjar þyrlur sem á að kaupa. Dómsmálaráðuneytið vill að þyrlurnar fái framtíðarstað á vellinum. Þyrlupallur við Landspítala verði aðeins nýttur í um fimmtungi lendingu vegna hávaða. Staður við brautarendann er nú ræddur.

ÖRYGGISMÁL Skipulagsfulltrúinn í Reykjavík hefur nú til skoðunar að finna þyrlusveit Landhelgisgæslunnar nýjan framtíðarstað við Reykjavíkurflogvöll.

Málið á sér aðdraganda aftur til ársins 2018 er dómsmálaráðuneytið sendi skipulagsyfirlöndum í Reykjavík erindi. Kom þar fram að stefnt væri að því að kaupa nýjar þyrlur á árunum 2021 og 2022.

„Er ljóst að ekki er hægt að hýsa nýjar þyrlur í því húsnæði sem er til staðar í dag með tilliti til öryggis og brunavarna. Það er því mikilvægt að lausn liggi fyrir varðandi aðstöðu á Reykjavíkurflogvelli áður en af endurnýjun þyrluflorens verður,“ sagði í bréfi dómsmálaráðuneytisins.

„Rétt er að taka fram að staðsetning þyrlusveitar hefur áhrif á viðbragðstíma björgunarþyrla,“ undirstrikaði ráðuneytið sem benti á að gert væri ráð fyrir þyrlupalli við nýjan Landspítala við Hringbraut.

„Er rétt að taka fram að til þess að lágmarka hávaðamengun og áhættu er einungis lent á þyrlupallinum í um 20 prósent tilfella en í 80 prósent tilfella er lent á flugvellinum og sjúklingar fluttir með sjúkrahúsi á spítala. Ef Landhelgisgæslan hefði ekki lengur aðstöðu á Reykjavíkurflogvelli, þar með talda flugleiðsögu, er aðflug á þyrlu að Landspítalanum illmögulegt eða með öllu ófært,“ itrekaði ráðuneytið.

Í minnisblaði Teiknistofunnar Stiku fyrir skipulagsfulltrúa er lagt til að lendingarsvæði fyrir þyrlusveitina verði við brautarendu flugvallarins næst Nauthólsvík.

„Skynsamlegt væri að staðsetning lendingarsvæðis þyrlna



Skýli Landhelgisgæslunnar uppfyllir ekki kröfur. Rétt er um að færa aðstöðuna til hægri. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



Ásgeir Erlendsson, upplýsinga- fulltrúi Landhelgisgæslunnar.

Landhelgisgæslunnar tæki mið af legu forgangsakreina almennings-samgangna svo sjúkraflytninga-bifreiðar geti nýtt sér þá innviði til að komast að Landspítala,“ segir í minnisblaði Stiku sem bendir á að syðsti oddi flugvallarins sé þar sem brú Borgarlinunnar á að fara yfir Fossvog í Kársnes. „Það þýðir að auðvelt væri að tengjast forgangsakreina almennings-samgangna frá lendingarstað að Landspítala.“

Að sögn Stiku þarf að huga að hávaðamengun fyrir nærliggjandi

íbúðabyggð. „Hávaðamengun við íbúðabyggð yrði í minnsta lagi þar sem staðsetning þessi er í um 170 metra fjarlægð frá ystu mörkum fyrirhugaðrar byggðar í Skerjafirði,“ segir teiknistofan.

Tekið er fram í minnisblaðinu að ekki yrði unnt að nýta núverandi aðflugsbúnað á Reykjavíkurflogvelli ef völlum færi þar sem lengd flugbrautarinnar sé nauðsynleg fyrir búnaðinn. Í þróun sé hins vegar GPS-aðflugskerfi til að nota í slæmu skyggni.

„Til að komast undir skýin er ekki heppilegt að vera í mikill byggð, það þarf að fljúga lágt og „skriða“ á áfangastað,“ útskýrir Stika. Best væri að hafa lendingarsvæðið sem næst sjónum og þar sem ekki þurfi að fljúga lágt yfir byggð. Heppilegt væri að þyrlupallur yrði sunnarlega

á norður-suður flugbrautinni og hættan af lágflugi yfir byggð þannig minnkuð.

Þótt minnisblaði Stiku hafi verið lagt fram á síðasta fundi skipulagsfulltrúa eru áformuð þyrlukaup í bíðstöðu. Ásgeir Erlendsson, upplýsingafulltrúi Landhelgisgæslunnar, segir að fyrir ári hafi verið hætt við útbod á björgunarþyrlum vegna fjárhagslegra áhrifa af völdum faraldursins.

„Á sama tíma var tekin ákvörðun um að selja TF-LIF sem verið hefur í eigu íslenska ríkisins frá árinu 1995 og leigja þriðju þyrluna sem er af sömu tegund og leiguþyrlurnar sem fyrir eru. Málið er á borði stjórnvalda en búast má við að ákvörðun um framhaldið verði tekin síðar á árinu,“ segir Ásgeir Erlendsson.

gar@frettabladid.is

ÍS BAND UMBOÐSAÐILI RAM Á ÍSLANDI

RAM 3500

VERÐ FRÁ 7.421.210 KR. ÁN VSK.
9.202.300 KR. M/VSK.

BREYTINGAVERKSTÆÐI ÍSBAND,
SMÍÐSHÖFÐA 5, SÉRHÆFIR SIG Í
BREYTINGUM Á RAM PALLBIFREIÐUM.

BJÓÐUM UPP Á 37" - 40" BREYTINGAPAKKA

BÍLL Á MYND RAM 3500 LARAMIE SPORT MEGACAB MED 35" BREYTINGU

KRÓNAN

Gleðilegt
sumar!

OPIÐ Í DAG

Nánar á
kronan.is

Sumardaginn fyrsta
í öllum verslunum!

Krónan
mælir með!

Gular melónur

296 kr.
kg



Afgreiðslutímar á www.kronan.is

Afkoma Ríkisútvarpsins neikvæð í fyrsta sinn frá árinu 2014

FJÖLMIDLAR Tap á rekstri RÚV á árinu 2020 var 209 milljónir króna eftir skatta samkvæmt rekstrarreikningi og yfirliti um heildarafkomu. Þetta kemur fram í tilkynningu frá RÚV sem send var út eftir aðalfund Ríkisútvarpsins í gær.

Er þetta í fyrsta sinn síðan árið 2014 sem afkoma RÚV er neikvæð og segir í tilkynningunni að

ástæðan sé COVID-19. „Auglýsingamarkaður hefur dregist saman á undanföllum árum og var samdrátturinn mun meiri á árinu 2020 í samanburði við þróun fyrri ára og má rekja það til COVID-19.“

Þá segir einnig að dreifing tekna hafi breyst töluvert og að sífellt stærri hluti auglýsingatekna renni til erlendra aðila með sölu auglýs-



Tap á rekstri RÚV fyrir síðasta ár var 209 milljónir. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

inga á netinu og samfélagsmiðlum. Lækkun auglýsingatekna hafi á árinu 2020 numið tæpum 200 milljónum króna.

Í lok síðasta árs námu heildareignir RÚV 8.340 milljónum króna og var eigið fé rúmar níttján hundruð milljónir.

Í tilkynningunni kemur einnig fram að á aðalfundi hafi ný stjórn,

sem kosin var þann 12. apríl síðastliðinn, verið samþykkt. Stjórnin er kosin til eins árs í senn og í henni sitja Ragnheiður Elin Arnadóttir, Jóhanna Hreiðarsdóttir, Mördur Arnason, Jón Ólafsson, Guðlaugur Sverrisson, Brynjólfur Stefánsson, Mördur Áslaugarson, Marta Guðrún Jóhannesdóttir og Björn Gunnar Ólafsson. – bđj



Öryggi er sagt betur tryggt með lagningu jarðstrengs en loftlínu.

Kæra leyfi fyrir lagningu línu

NÁTTÚRUVERNÐ Fimm umhverfisverndarsamtök, hafa kært framkvæmdaleyfi Landsnets fyrir lagningu Suðurnesjalínu 2 sem loftlínu.

Samtökin telja ótækt að Landsnet taki ekki mat Skipulagsstofnunar til greina og benda á að leysa megi raforkuöryggi Suðurnesja án þess að leggja nýja loftlínu eftir Reykjaneskaga sem spilli landslagsheildum og hraunum frá sögulegum tíma, eins og kemur skýrt fram í mati á umhverfisáhrifum og niðurstöðu Skipulagsstofnunar. Tilkynning var send í gær þessa efnis.

Að mati samtakanna er þörf á auknu raforkuöryggi á Suðurnesjum. Tillaga Landsnets um loftlínu sé ekki besti kostur, öryggi sé best tryggt með lagningu jarðstrengs. – bb

Milt veður en væta á landinu

VEÐUR Veturinn sem kvaddi okkur á miðnætti var sá mildasti í Reykjavík frá 1976, hvað snjókomu varðar. Aðeins níu alhvítir dagar voru suðvestanlands á liðnum vetri, fjórum fleiri en 1976.

Á Akureyri voru alhvítir dagar aftur á móti 59 á þessum tíma, fjórtán færri en á meðalvetri. Þetta kom fram í Helgarveðri Sigurðar Þ. Ragnarssonar í Fréttavaktinni.

Samkvæmt spánni verður vætu tíð um allt vestanvert landið í dag. Suðaustanátt, 5-13 metrar á sekúndu, og væta á landinu sunnan- og vestanverðu. Stytta ætti upp í norðausturfjórðungnum. – hó

Vorboði sem fegrar göturnar fær vinsamlegar móttökur

Hreinsitækni hefur hafið vorhreinsun sína með þrifum á götum og gangstígum á höfuðborgarsvæðinu. Mörg hundruð tonn af lausu efni eru ryksuguð upp af götum í þessari árlegu hreinsun. Framkvæmdastjórinn segist upplifa ótrúlega velvild gagnvart bilunum og bilstjórnunum, jafnvel þó þeir fari hægt yfir.

SAMGÖNGUR Um 30 vélsópar og vatnsbilar eru nú að störfum um höfuðborgarsvæðið til að hreinsa til eftir snjólausan vetur. Mörg hundruð tonn eru ryksuguð upp af götum borgarinnar en við þær helstu liggja tugir tonna af alls konar ryki og drullu.

Í fyrstu umferð eru sópaðar og þrifnar stofnbrauti og göngustígar. Síðar verða húsaðgötur teknar og mun Hreinsitækni auglýsa með áberandi merkingum og skiltum áður en farið verður inn í hvert hverfi fyrir sig. Björgvin Jón Bjarnason, framkvæmdastjóri Hreinsitækni, segir að vorið sé mikill annatími en stefnan sé að klára að sópa Reykjavík, Kópavog, Garðabæ og Mosfellsbæ í lok maí.

Mörg hundruð tonn af lausu efni eru fjarlægð af götum og gangstígum með þessu móti. Dæmi eru um að á einni af fjölförnustu götum höfuðborgarsvæðisins hafi 34 tonn af ryki, mól og sandi verið fjarlægð í einni hreinsun.

„Við vitum hvað bílarnir okkar taka, þannig að við erum að horfa á tölur sem stinga í augu en trúlega eigum við tölur sem eru hærri en þetta. Mig rámar nú í að tölurnar í fyrra hafi verið hærri,“ segir Björgvin. Hann bendir á að frágangur gatna skipti einnig máli þegar kemur að því hvaða götur safni mestum skít, þó eðli málsins samkvæmt séu það fjölförnustu götur höfuðborgarinnar sem safni mestum skít.

„Það er mikið af ryki víða sem við erum að taka upp. Það snjóaði lítið sem ekkert í vetur og þannig safnast meira inn á göturnar en ella. Þetta er auðvitað heilsufarsmál fyrir marga, ekki aðeins sjónmengun.“

Hreinsitækni hefur áratuga



Vorboðinn ljúfi hreinsar upp hundruð tonna af ryki og drullu en um 30 tæki eru að störfum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Þetta vekur meiri viðbrögð en maður hefði vænst. Við erum jafnvel að fá samtöl frá fólki sem er ánæggt með að sjá okkur.

Björgvin Jón Bjarnason, framkvæmdastjóri Hreinsitækni

reynslu í sópi og þrifum á götum og gangstígum og segir Björgvin að sópun og þrif sé árangursrík aðferð til að auka loftgæði og minnka svifryk. Þegar bílarnir séu búnir að sjúga upp skítinn sé það hans von að það muni ekki aðeins sjást heldur einnig finnast á betra lofti og betri loftgæðum.

Björgvin segir að bilunum sé vel tekið enda séu þeir eins og lóan,

ákveðinn vorboði. Þó að þeir fari hægt yfir er velvildin mikil gagnvart stóru, hægfara, appelsínugulu bílunum. „Það er eiginlega alveg ótrúlegt hvað okkur er vel tekið. Þetta vekur meiri viðbrögð en maður hefði vænst. Við erum jafnvel að fá samtöl frá fólki sem er ánæggt með að sjá okkur. Það er að koma vor þegar við förum út á göturnar,“ segir Björgvin. benediktboas@frettabladid.is

Viðræður um lán á handritunum

MENNING Hálf öld var liðin í gær frá heimkomu fyrstu handritanna frá Danmörku, Flateyjarbókar og Konungsbókar eddukvæða.

Sá viðburður markaði tímamót í Íslandssögunni og var táknrænn lokapunktur handritamálsins, en afhending handritanna fór fram í áföngum næstu 26 árin þar á eftir.

„Það er ánægjulegt að minnst þessara tímamóta í ljósi þess að nú eru hjólin eru farin að snúast, framkvæmdum við Hús íslenskunnar miðar vonum fram og við hugum að aukinni samvinnu við Dani um framtíð handritasafns Árna Magnússonar,“ segir Lilja Alfreðsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra, um tímamótin.

Viðræður eru hafnar við dönsk stjórnvöld um aukna samvinnu og framtíðarsýn um málefni íslenskra handrita sem hýst eru í Danmörku. Starfshópur skipaður fulltrúum beggja ríkja mun skila ríkisstjórn-



Lilja leggur hornstein með Guðna.

um landanna niðurstöðu á árinu.

Meðal þess sem er til umræðu er fyrirkomulag lána á handritum til Íslands, stafræn endurgerð þeirra, miðlun, rannsóknir og hvernig skuli efla íslensk og norræn fræði í löndunum tveimur.

Í hópnum fyrir hönd Íslands eru Guðrún Nordal, forstöðumaður Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, Ari Karlsson lögmaður og Rúnar Leifsson sér-

fræðingur í mennta- og menningarmálaráðuneyti. Ekki náðist í íslensku nefndarmennina við vinnslu fréttarinnar til að fá þeirra sýn á komandi verkefni.

Í gær lögðu Guðni Th. Jóhannesson forseti og Lilja Dögg hornstein að Húsi íslenskunnar sem nú ris við Arngrímsgötu í Reykjavík. Fastasýning í Húsi íslenskunnar verður mikilvægur hluti framtíðarmiðlunar menningararfarsins og þar munu handritin öðlast verðugan sess.

Á undanföllum árum hefur ekki verið unnt að sýna þau handrit sem varðveitt eru hjá Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, en með tilkomu Húss íslenskunnar verður bylting í aðstöðu stofnunarinnar til að varðveita, rannsaka og miðla menningararfi þeim sem handritin geyma. Framkvæmdum við húsið miðar vel og ráðgerir Framkvæmdasýsla ríkisins að húsið verði afhent í ágúst 2022. – hó

RÝMI
OFNASMIÐJAN



METALSISTEM®

Gott verð og góð þjónusta

Nú fæst METALSISTEM®
hillukerfið í Rými



Rými Ofnasmiðjan | Gylfalföt 4 | 112 Reykjavík | s. 511 1100 | www.rymi.is | rymi@rymi.is

BIOEFFECT

BIOEFFECT
20%
AFSLÁTTUR
DAGAR

BIOEFFECT fæst í verslunum Hagkaups í Smáralind, Kringly, Skeiflu, Garðabæ og Akureyri.

NÝTT
EGF Serum gjafasett



BIOEFFECT dagar 22. - 28.apríl

20% afsláttur af öllum BIOEFFECT vörum.

Með öllum kaupum yfir 15.000 kr. fylgir On-The-Go Essentials, sem inniheldur fjórar BIOEFFECT vörur í ferðastærðum (virði 6.990 kr.).

HAGKAUP
Snyrtivara

MARKAÐURINN

Ratcliffe-lögin íþyngja kaupendum

Nýleg lög um jarðakaup kveða á um að einstaklingar sýni fram á „sterk tengsl við Ísland“ til að eignast fasteign í þéttbýli. Unnið hefur verið að því að slaka á auknum kröfum sem frumvarpið hafði í för með sér. Ekki gengið nógu langt, að mati umsagnaraðila.

Lögin sem voru sett á síðasta ári til þess að girða fyrir uppkaup útlendinga á landi utan þéttbýlis, höfðu í för með sér auknar kröfur á erlenda ríkisborgara frá ríkjum utan Evrópska efnahagssvæðisins (EES) er hyggjast kaupa fasteign hérlendis. Unnið er að því að breyta lögunum þannig að slakað verði á kröfunum, en mörgum finnst ekki gengið nógu langt í því að einfalda ferlið.

„Óröðugt er að sjá hvaða hagsmuni íslensk þjóð hafi af því að mismuna einstaklingum við íbúðarakaup eftir þjóðerni eins og verið hefur,“ segir í umsögn lögmannsstofunnar LEX sem var skilað fyrir hönd Mikluborgar fasteignasölu.

„Þvert á móti verður að telja það í fullu samræmi við hagsmuni Íslendinga að hvetja til þess að einstaklingar, hvernig þjóðar sem þeir eru, kjósi að fjárfesta og dvelja á Íslandi í eigin íbúðarhúsnæði, hvort sem er í frítíma sínum eða til þess að taka hér þátt í atvinnulífi.“

Breytingar sem gerðar voru með lögunum stefndu að því að koma í veg fyrir að land safnaðist í miklum mæli á fárra hendur og var þá fyrst og fremst haft í huga land utan þéttbýlis. Í lögunum, sem stundum eru kölluð Ratcliffe-lögin í daglegu tali, með vísun til jarðakaupa aukþýfingsins Jims Ratcliffe hér á landi, er kveðið á um að erlendir ríkisborgarar utan EES þurfi að sýna fram á „sterk tengsl við Ísland, svo sem vegna hjúskapar við íslenskan ríkisborgara“, hyggist þeir kaupa fasteign.

Kröfur um „sterk tengsl við Ísland“ hafa meðal annars komið sér illa fyrir þá sem hafa staðið að uppbyggingu á íbúðarhúsnæði, einkum lúxusíbúðum, og hafa í hyggju að markaðssetja þær til efnameiri Breta, Bandaríkjamanna og Asíubúa.

Með fyrirbyggjandi frumvarpi er lagt til að slakað verði á þeim kröfum um að hluta til, þannig að erlendir ríkisborgarar frá ríkjum utan EES vilja festa kaup á fasteign hérlendis þurfi þeir ekki að hafa sterk tengsl við landið, í þeim tilfellum þegar fasteign er skráð íbúðarhúsnæði á leigulöð í þéttbýli eða fristundahús á leigulöð á skipulögðu fristundasvæði. Þeir þurfi eftir sem áður að leita undanþágu hjá ráðherra.

Það sem af er ári hefur ráðuneytið samþykkt fjórar umsóknir um leyfi til að eiga íbúðarhúsnæði í þéttbýli



Kröfurnar hafa meðal annars komið sér illa fyrir þá sem hafa staðið að uppbyggingu á lúxusíbúðum. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÐÓR

hér á landi á grundvelli sterkra tengsla við landið. Í fyrra voru leyfi vegna kaupa á íbúðarhúsnæði í þéttbýli átta og árið 2019 voru leyfi vegna kaupa á íbúðarhúsnæði í þéttbýli ellefu.

Þjóðar ekki markmiðinu

Samtök iðnaðarins, Samtök atvinnulífsins og Viðskiptaráð Íslands telja umrædda tilslökun vera til bóta en telja mikilvægt að gengið sé lengra, enda eru núverandi takmarkanir viðtækari en nauðsynlegt er til að ná því markmiði sem löggjafinn stefndi að. Leita eigi leiða til að einfalda og skýra ferli við veitingu undanþágu frá skilyrðum laganna.

„Það markmið er að stuðla að fjölbreyttum og samkeppnishæfum landbúnaði, náttúruvernd, viðhaldi og þróun byggðar og þjóðfélagslega gagnlegri og sjálfbærri landnýtingu,“ segir í umsögn samtakanna.

Á sama tíma og ríkisstjórnin reynir að gera Ísland að fýsilegri kosti fyrir erlendra sérfræðinga skýtur skökku við að sníða sömu aðilum svo þröngan stakk í að setjast hér að.

Úr umsögn KPMG Law

Þau telja að takmarkanir á eignarétti eða afnotum á fasteignum hérlendis eigi ekki að eiga við um fristundahúsnæði eða þéttbýlissvæði í ljósi þessa markmiðs.

„Þannig væri eðlilegt að það sama gilti um íbúa utan og innan EES-svæðisins hvað varðar kaup fast-

eigna á þessum svæðum, sé stefnt að ofangreindum markmiðum. Að mati samtakanna er í öllu falli óljóst hvernig takmarkanirnar á þessum svæðum eigi að tryggja samkeppnishæfni íslensks landbúnaðar.“

Þá bendir LEX á að ríkissjóður beri kostnað af því að yfirfara umsóknir og gerð umsókna leiði til kostnaðar fyrir umsækjendur. „Þar að auki verður kaupandi eignar að setja fyrirvara í kaupsamning um að leyfi ráðherra faist, en í því felst óhagræði og óvissa fyrir bæði kaupanda og seljanda eignar. [...] kann að vera unnt að ná markmiðum frumvarpsins með minni fyrirhöfn og kostnaði.“

Nýju lögin mynda hindrun

Lögmannsstofan KPMG Law bendir á að Bandaríkjamenn og Bretar hafi sýnt Íslandi mikinn áhuga – um 40 prósent ferðamanna á Íslandi á árunum 2016 til 2020 komu frá

þessum tveimur löndum – og setur það í samhengi við markmið stjórnvalda um að fjölga erlendum sérfræðingum hér á landi.

„Á sama tíma og ferðaþjónustan stendur frammi fyrir áskorunum vegna áhrifa kórónuveirufaraldursins og ríkisstjórnin reynir að gera Ísland að fýsilegri kosti fyrir erlendra sérfræðinga skýtur skökku við að sníða sömu aðilum svo þröngan stakk í að setjast hér að,“ segir í umsögn lögmannsstofunnar.

Samandregið telur KPMG að fyrirhugaðar breytingar feli enn í sér of umfangsmiklar takmarkanir á rétti útlendinga frá ríkjum utan EES til að eignast fasteignir á Íslandi. Þá feli frumvarpið í sér verulega þrengingu á réttindum tiltekinna lögaðila innan EES varðandi fasteignakaup, sem „verulegum vafa er undirorpið að standist þjóðréttarlegar skuldbindingar Íslands.“


tfh@frettabladid.is

Fasteignafélög leggi áherslu á arð

Greiningarfyritækið Jakobsen Capital hefur hækkað verðmat sitt á Eik fasteignafélagi um 4 prósent eftir birtingu síðasta árshlutauppgjörs. Verðmatið er nú rúmum 48 milljarðar samanborið við tæpa 47 milljarða áður og verðmatsgengið hækkar úr 13,6 upp í 14,1. Verðmatsgengið er því tæplega 40 prósentum yfir markaðsgengi.

„Gengið náði hámarki 2017 og hefur ekki borið sitt barr síðan,“ segir í verðmatinu. „Að mati greinanda eru horfurnar þó ekkert sérstaklega bjartar fyrir fasteignafélögin. Þrátt fyrir það er það niðurstaða greinanda að Eik sé mjög vanmetið á markaði.“

Greinandinn Jakobsson Capital bendir á að almennt hafi COVID haft lítil áhrif á afkomu Eikar ef frá er skilið 1919 Hótel. Varúðarfærslur má fyrst og fremst rekja til hótela og veitingahúsa sem saman mynda 12



Smáratorg er í eigu Eikar.

prósent af eignasafni Eikar. Skrifstofuhúsnæði nemur um 46 prósentum af eignasafninu.

„Hins vegar er líklegt að langtímaáhrifin verði nokkur þótt skammtímaáhrifin hafi verið lítil. Fólk vinnur meira heima og sársaukalausasti niðurskurðurinn er niðurskurður í húsnæðiskostnaði,“ segir í verðmatinu.

Að mati greinandans ættu fasteignafélögin nú fremur að horfa á fjárhagslegan styrk og einbeita sér að því að ná hagstæðari fjármögnun. Þau ættu að horfa frekar til greiðslu arðs en til vaxtar.

„Mikil uppbygging skrifstofuhúsnæðis og hótelhúsnæðis er í miðborginni. Blikur eru á lofti þar ef ekki rætist úr stöðunni á næstu misserum. Eik hefur verið mjög fjárfestingarlétt og er fjármögnun félagsins hagstæðust fasteignafélagna,“ segir í verðmatinu.

– þfr

Sjónmælingar
eru okkar fag

Tímamantanir á opticalstudio.is
og í síma 511 5800

Optical Studio
SMÁRALIND • HAFNARTORG • KEFLAVÍK

LEGGSTA VERÐIÐ



Ódýrt fyrir alla

Orkan býður lágsta eldsneytisverðið víða um land.
Finndu þína Orkustöð á orkan.is og fylltu á bílinn þar
sem þú færð meira fyrir peninginn. Sjáumst á Orkunni!



Útsýni frá austanverðri Skaftafellsheiði er magnað. Hér sést frá vinstri í Kristínartinda, Skarðatinda og Skaftafellsjökul. MYND/ÓMB

Græn vin milli jökla

Tómas Guðbjartsson hjartaskurð-læknir og náttúruunnandi og Ólafur Már Björnsson augnlæknir og ljósmyndari

Ein hver veðursælasti staður á Íslandi er Skaftafell sem þakka má skjóli frá fjallgördum í vestri og austri, ekki sist Óræfajökli. Sunnanáttir bera síðan með sér ríkulega úrkomu sem ásamt hlýjum sumardögum skýra óvenju fjölbreyttan gróður. Hann er hvað gróskumestur á Skaftafellsheiði sem líkja má við græna gróðurvin sem felur sig milli risastorra jökla. Heiðin tilheyrði áður Skaftafellsþjóðgarði sem síðar rann inn í Vatnajökulsþjóðgarð. Skaftafell var löngum stórbýli og stóðu bæirnir á láglandi neðan Skaftafellsheiðar. Tíð eldgos og jökulhlaup neyddu síðan Skaftafellsbændur til að færa byggð ofar á heiðina og og hétu síðustu nýbýlin Hæðir, Bólta og Sel. Þetta eru með fallegustu bæjarstæðum á Íslandi þar sem iðjagræn Skaftafellsheiðin kallast á við snævi þakta tinda Óræfajökuls.

Á Skaftafellsheiði bjóðast frábærar gönguleiðir í allar áttir og er tilvalið að hefja gönguna við tjaldstæðið í Skaftafelli. Fyrst er gengið að einum fallegasta fossi landsins, Svartafossi, sem státar af fallega mótuðu stuðlabergi sem sagt er að sé fyrirmyndin að loftinu í Þjóðleikhúsinu. Frá Svartafossi er stutt ganga að Skaftafellsbæjunum þremur er torfbærinn í Seli er í vörslu Þjóðminjasafnsins. Lengri ganga liggur eftir austanverðri Skaftafellsheiði, svokölluðum Austurbrekku, að Sjórnánni. Þar blasir við ógnarlangur Skaftafellsjökull, skreyttur myndarlegum miðlægum urðarrana og jökullóni fremst. Halda má göngunni áfram í norður að Glámu. Þarna ætti sprækt göngufólk að spá í 1.126 metra háa Kristínartinda en af efsta tindinum byðst einstakt útsýni að Skarðatindum, Hróttfjallstindum og Hvannadalshnjúk. Þeir sem ekki kjósa tindabrölt geta í staðinn gengið í vestur að Skorum, en þangað má einnig komast af Kristínartindum. Útsýnið er ekki síðra en austan megin á heiðinni og ber mest á ljósgráum botni Morsárdals og litríkum Skaftafellsfjöllum. Þarna glittir einnig í klettadranginn þumal upp af Kjós og á hlýjum degi má sjá og heyra Morsárjökul steypast fram af þverhniði innar í dalnum. Einnig sést í hávaxnasta birki-skóg landsins, Bæjarstaðarskóg, og enn fjær Skeiðarjökul, Súlutinda og Lómagnúp. Heim er gengið eftir slóða vestan megin á Skaftafellsheiði í áttina að Svartafossi og tjaldstæðinu. Stóri hringurinn með Svartafossi er tæplega 20 km langur og nokkrum km lengri með göngu á Kristínartinda. Ganga fram og til baka að Svartafossi frá tjaldstæðinu tekur hins vegar aðeins tæpar tvær klukkustundir og er því tilvalin fyrir barnafjölskyldur.



Fókus á hjarta landsins



Horft í austur af Skaftafellsheiði í átt að Hvannadalshnjúk (2.110 m). MYND/GUÐBJARTUR KRISTÓFERSSON



Svartifoss er einn af fallegustu fossum landsins. MYND/ÓMB

Tilraun elítufélaganna í evrópskum fótþolta mistókst hrappallega

FÓTBOLTI Einungis þrjú af þeim félögum sem ætluðu að standa að Ofurdeildinni tilkynntu ekki síðustu daga að þau hefðu dregið til baka áform sín um að vera með í deildinni. Það voru spænsku félögin Barcelona og Real Madrid og ítalska félagið Juventus.

Manchester City varð fyrst til þess að hætta stuðningi við deildina síðdegis á þriðjudaginn, Chelsea fylgdi fast á hæla því og Manchester United, Liverpool, Tottenham og Arsenal tilkynntu um úrsögn sína á svipuðum tíma

seinna á þriðjudagskvöldinu.

Í gærmorgun tilkynntu svo forráðamenn Atlético Madrid, Inter Milan og AC Milan að þau væru hætt við að vera með í deildinni. Það skildi fyrrgreind þrjú félög ein eftir í skipulagsnefnd deildarinnar sem hefur verið harðlega gagnrýnd síðan hún var sett á laggirnar síðastliðið sunnudagskvöld.

John W. Henry, eigandi Liverpool, sendi frá sér afsökunarbeiðni til félagsmanna sinna, en þar viðurkenndi Henry að hann hefði mislesið það hver vilji stuðningsmanna,

» Níu af tólf stofnfélögum Ofurdeildarinnar hættu stuðningi við deildina.

knattspyrnustjóra og leikmanna liðsins væri.

Það sama gerðu kollegar hans Joel Glazer hjá Manchester United og Stan Kroenke hjá Arsenal. Andrea Agnelli, forseti Juventus, viðurkenndi svo í gær að Ofurdeildin yrði ekki að veruleika í náinni framtíð, en þrátt fyrir þá miklu gagnrýni

sem deildin hefur fengið síðustu sólarhringa telur Agnelli enn að slík deild sé nauðsynleg fyrir evrópskan fótþolta.

Íþróttalögfræðingurinn doktor Katarina Pijetlovic, sagði í samtali við Skysports að UEFA og FIFA hefðu reglusetningarvald og refsivald í knattspyrnusamfélaginu.

Af þeim sökum geti þau, að hennar mati, bannað félögum að taka þátt í deildarkeppnum heima fyrir og refsað þeim með því að banna leikmönnum að leika í mótum á vegum þeirra, ef sett er á laggirnar

deild án samþykkis sambandanna. „Sérstaklega þegar búin er til lokuð deild þar sem lið falla ekki úr henni og komast ekki inn í hana á grundvelli árangurs. Það væri hins vegar hægt að draga í efa lögmæti þess að banna leikmönnum að spila á EM og HM fyrir að virða samninga við félög sín,“ segir Pijetlovic.

Stjórn ensku úrvalsdeildarinnar gæti refsað ensku félögunum sex fyrir að taka þátt í að stofna deildarkeppni án samþykkis ensku úrvalsdeildarinnar. Slikt er bannað samkvæmt reglum deildarinnar. – hó



Herinn í Indónesíu leitar að kafbát.

Kafbátur hvarf við strendur Balí

INDÓNESÍA Herinn í Indónesíu leitar nú að kafbát með 53 farþega innanborðs sem hvarf eftir að hafa verið á heræfingu undan ströndum Balí í gær.

Kafbáturinn, sem er 43 ára gamall, var að æfa skot á tundursprengju þegar hann hætti að gefa frá sér merki.

Kafbáturinn var smíðaður í Þýskalandi og ber nafnið KRI Nanggala-402. Síðast bærust merki frá honum þegar hann sigldi við Singaraja, sem er á norðurströnd Balí.

Stjórnvöld í Indónesíu hafa beðið yfirvöld í Ástralíu og Singapúr um að hafa augun opin og aðstoða við leitina að kafbátinum. – hó



Pútín ávarpar hér þjóð sína.

Pútín varaði óvini sína við

RÚSSLAND Vladimir Pútín, forseti Rússlands, sagði að hver sá sem ógraði stjórnvöldum í Moskvu með einhvers konar refsiaðgerðum eða hernaðaraðgerðum myndi sjá eftir því.

Þetta sagði Pútín í árlegu ávarpi sínu til rússnesku þjóðarinnar sem hann hélt í gær. Ávarpið var haldið í skugga mótmæla vegna fangavistar stjórnarandstæðingsins Alexei Navalni.

„Við höfum engan áhuga á að standa í því að brenna brýr en ef á okkur er ráðist neyðumst við til þess að taka til varna. Vörn okkar verður í samræmi við þær ógnir sem að okkar beinast og verða skilvirkar,“ segir Pútín.

Orðum hans var líklega beint af bandarískum stjórnvöldum en ólga hefur verið í samskiptum ríkjanna undanfarið. Bandaríkjamenn hafa sakað Rússa um að beita sér á ólöglegan hátt í bandarísku forsetakosningunum árið 2020, endurteknar netárásir og mannréttindabrot á Krímskaga.

Þá hafa Bandaríkin og Evrópusambandið fordæmt meðferð rússneskra stjórnvalda fyrir að veita ekki Navalni réttláta málsmeðferð og lækni meðferð. – hó

Yfirlit um afkomu 2020

EFNAHAGSREIKNINGUR (í þús.kr.):	31.12.2020	31.12.2019
Eignarhlutir í félögum og sjóðum	103.791.075	78.309.017
Skuldabréf	99.290.920	100.751.236
Innlán og bankainnstæður	1.007.060	1.088.812
Kröfur	875.767	956.365
Aðrar eignir og rekstrarfjármunir	173.694	179.818
	205.138.516	181.285.248
Skuldir	-40.989	-35.424
Séreignarsjóður, Söfnunarleið I og II	3.267.925	2.957.993
Samtals	208.365.452	184.207.817

YFIRLIT UM BREYTINGAR Á HREINNI EIGN TIL GREIÐSLU LÍFEYRIS:

Iðgjöld	5.129.971	5.276.972
Lífeyrir og endurhæfingarsjóður	-5.626.648	-5.121.594
Fjárfestingartekjur	25.083.407	22.378.550
Rekstrarkostnaður	-429.095	-391.012
Hækkun á hreinni eign á tímabilinu	24.157.635	22.142.916
Hrein eign frá fyrra ári	184.207.817	162.064.901
Samtals	208.365.452	184.207.817

LÍFEYRISSKULDBINDINGAR:

	31.12.2020	31.12.2019
Eignir umfram áfallnar skuldbindingar	8.953.647	238.317
Í hlutfalli af áföllnum skuldbindingum	4,9%	0,1%
Eignir umfram heildarskuldbindingar	6.459.775	-1.645.174
Í hlutfalli af heildarskuldbindingum	2,6%	-0,7%

Sjóðurinn hefur aldrei skert áunnin réttindi sjóðfélaga.

KENNITÖLUR:

	31.12.2020	31.12.2019
Nafnávöxtun	13,5%	13,7%
Hrein raunávöxtun	9,7%	10,7%
Hrein raunávöxtun 5 ára meðaltal	5,5%	4,9%
Hrein raunávöxtun 10 ára meðaltal	5,8%	5,1%
Hrein raunávöxtun 20 ára meðaltal	4,8%	4,4%
Fjöldi virkra sjóðfélaga	6.376	6.377
Fjöldi sjóðfélaga	145.308	143.420
Fjöldi lífeyrisþega	17.131	16.364
Rekstrarkostnaður í % af eignum	0,2%	0,2%
Eignir í íslenskum krónum	61,1%	67,0%
Eignir í erlendum gjaldmiðlum	38,9%	33,0%

ÁVÖXTUN SÉREIGNARDEILDAR 2020:

Nafnávöxtun Söfnunarleiðar I sem er innlánsreiðingur ásamt stuttum tryggum skuldabréfum var 5,0% eða 1,5% hrein raunávöxtun. Nafnávöxtun Söfnunarleiðar II sem inniheldur ýmis verðbréf nam 8,7% eða 5,1% hrein raunávöxtun. Er þetta sú ávöxtun sem réttthafar njóta. Heildareignir séreignardeildarinnar eru 3.268 milljónir króna í árslok 2020.

SJÓÐFÉLAGAR:

Sjóðurinn er ætlaður öllum launþegum og sjálfstætt starfandi einstaklingum sem eiga ekki kjarasamningsbundna aðild að öðrum lífeyrissjóðum. Hann getur því verið góður kostur fyrir ýmsa aðila sem þurfa að velja sér lífeyrissjóð. Sjóðurinn byggir á samtryggingu og séreign.

Þessi eini



Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb@frettabladid.is

Takmarkanir á athafnafrelsi fólks, sem staðið hafa ansi lengi, bjóða að sjálfsgöðum ekki upp á að rósemi sé í hávegum höfð á öllum heimilum. Pirringur og vanstilling gripur auðveldlega um sig. Dæmi um þetta eru viðbrögðin við fréttum af því að gríðarlega aukningu COVID-tilfella megi rekja til einstaklings sem virti ekki reglur um sóttkví eftir komuna til landsins. Þeir allra æstustu kröfðust þess að nafn hans væri birt og vildu vitaskuld líka fá mynd af viðkomandi. Þannig yrði landslýð ljóst hver sökudólgurinn væri. Um leið væri hann auðmýktur opinberlega og það svo mjög að hann fengi aldrei að gleyma því að hann hefði brotið af sér.

Hér er ekki verið að bera sérstakt blak af viðkomandi einstaklingi. Brot hans hafði alvarlegar afleiðingar, sem er örugglega ekki það sem hann bjóst við. En brotið jafngildir ekki því að réttlætlegt sé að bregðast við í máli hans eins og æsingafólkið vill að gert sé með því að draga hann fram í sviðsljósið og úthrópa sem þjóðniðing. Það er ekki beint notalegt að horfa upp á refsigleðina grassera. En refsigleði er reyndar aldrei sérlega geðþekkt.

Sennilega er auðvelt að fá útrás fyrir pirring með því að hella sér sérstaklega yfir einn einstakling af þeim fjölmörgu sem ekki hafa hlýtt sóttkví. Komið hefur fram að margir þeirra sem brjóta sóttkví séu útlendingar sem hér starfa og sagt er að sá sem hlýddi ekki, með þessum skelfilega vondu afleiðingum, sé Pólverji.

Það ætti ekki að hafa farið fram hjá nokkrum manni að hér á landi fyrirfinnst hópur einstaklinga sem amast mjög út í búsetu erlends fólks hér á landi, finnur því ýmislegt til foráttu og segir það taka vinnu frá Íslendingum. Þessi hópur felur aldrei vanstillingu sína og færir allur í aukana þegar upp kemur mál eins og þetta.

Stjórnmalamenn eiga að vita af hættunni á því að andúð skapist á COVID-tímum gagnvart því fólki sem hingað kemur að utan til að vinna og er á ferðalögum milli landa. Stjórnmalamenn hafa hins vegar ekki talað af röggsemi um mikilvægi þess að sýna aðstæðum þessa fólks skilning. Það gerði hins vegar maður sem á stundum getur talað með hvössum tón. Kári Stefánsson er hrjúfur á yfirborðinu en eins og margir slíkir einstaklingar hefur hann hlýtt hjarta, þótt hann reyni yfirleitt að leyna því.

Kári sagði á dögunum: „Við höfum ekki verið nógu dugleg að byggja brú yfir til þessa pólska samfélags á Íslandi. Þannig að það sem miður fer finnst mér vera okkur að kenna. Við höfum ekki tekið almennilega á móti þessu fólki. Alla vega er ljóst að þessir Íslendingar af erlendu bergi brotnir eiga í meiri erfiðleikum við að halda sóttkvíarreglurnar heldur en aðrir. Og það þarf að finna einhverja leið til að takast á við það án þess að benda fingri á þetta fólk sérstaklega.“

Þjóðin hefur einstakt dálæti á Kára Stefánssyni og sperrir eyrun í hvert sinn sem hann talar. Hún ætti að taka alveg sérstakt mark á þessum orðum hans. Þau eru svo sönn.



Það er ekki beint notalegt að horfa upp á refsigleðina grassera.

Halldór



Frá degi til dags

Gæskurinn Gísli

Samherjasvifrykið í kringum Helga Seljan og brjálaðar síðareglur RÚV er ekki sest, þegar aftur er gripið til óreglunnar og henni beint gegn sjálfum Gísla Marteini Baldurssyni. Hann dró hvergi af sér í umræðum um Hofsvallagötuna í Facebook-hópnum Vesturbærinn, þannig að andstæðingar hans sáu sér leik á borði með því að virkja síðareglur RÚV. Árangurslaust að vísu þar sem glaðbeittur vertinn á Kaffi Vest upplýsti að hann sé undanþeginn mót-sagnakenndri síðareglunni eftir að hafa samið sérstaklega við útvarpsstjóra um að fá bæði að hafa skoðanir og tjá þær.

Sérleiðakerfi

Málfrelsið kann þó þarna að hafa komið Gísla Marteini í koll og hann kjaftað af sér, því hin haukfrána Vigdís Hauksdóttir hnaut um sjálfstæðisfyrirlysinguna og tilkynnti með þremur upphrópunarmerkjum að nú skildi hún málin betur!!! Með vísan í 3. grein tittnefndra síðareglna sagðist hún síðan skora á umdeilda síðanefnd RÚV að hefja frumkvæðisathugun á sérstöðu Gísla. Hofsvallagötusvaðilför Gísla staðfestir að síðareglufarganið mun áfram verða starfsfólki RÚV til vansa, nema auðvitað að hægt verði að tryggja þeim öllum stjórnarskrárvarið tjaningarfrelsi með sérleiðum. toti@frettabladid.is

Fall af hvaða hæð?



Pawel Bartoszek
varaformaður
skipulags- og
samgönguráðs

Munurinn á 30 og 50 km hraða kann að hljóma smávægilegur. Í árekstri er munurinn samt eins og sá að detta af 2. eða 4. hæð. Það er slatti. Flestir lifa fyrra fallið af, fæstir það síðarnefnda.

Tillögur um lækun umferðarhraða, sem nú hafa verið samþykktar í skipulagsráði Reykjavíkur, ganga út á tvennt. Í fyrsta lagi á að stækka þau svæði þar sem hámarks hraði er 30 km/klst. Laugardalurinn verður til dæmis samfelld 30 km svæði. Hámarks hraði á Sundlaugavegi lækkar úr 50 í 30 en sú gata þverar fjölfarnar gönguleiðir í skóla, sund og líkamsrækt. Sambærilegar breytingar verða um alla borg: á Flókagötu, Langholtsvegi, Sogavegi, Mosavegi, Rofabæ og Vesturbergi. Til verða stærri og samfelldari 30 km hverfi þar sem betra verður að ganga, hjóla og hlaupa um og krakkarnir verða öruggari.

Í öðru lagi er lagt til að ýmsar tengibrautir, sem í dag hafa 50 km hámarks hraða, verði 40. Þetta eru götur sem liggja í gegnum íbúðahverfi eða þétt við hlið þeirra. Dæmi um slíka götu er Snorrabraut þar sem umferðin hefur lengi verið of hröð og allt of mörg slys hafa orðið. Önnur dæmi eru Suðurgata, Langahlíð, Háaleitisbraut, Arnarbakki, Borgavegur og Vallargrund.

Sambærileg breyting var nýlega gerð á vestasta hluta Hringbrautar, eftir töluvert ákall frá íbúum. Íbúar við Bústaðaveg hafa sömu leiðis kallað eftir lækun hraða á götunni sem liggur í miðju hverfi. Hraðinn á stofnbrautum á borð við Miklubraut, Kringlumýrabraut og Vesturlandsveg mun hins vegar ekki breytast.

Eðlilegt er og jákvætt að jafn viðamiklar breytingar og nú eru lagðar til kalli á umræður. Breytingarnar eru hins vegar í takt við alþjóðlega þróun, í takt við almennar óskir íbúa um lægri umferðarhraða og munu skila sér í öruggari og rólegri hverfum fyrir börn og fullorðna. Eftir nokkur ár mun enginn vilja auka hraðann aftur.



Flestir lifa fyrra fallið af, fæstir það síðarnefnda.



Brautimar eru fáanlegar með mjúklökun

Mikið úrval rennihurðabrauta frá

GEZE

Þýsk gæðavara.

JARN&GLER

Skútuvogi 1h - Sími 585 8900
www.jarngler.is

AF KÖGUNARHÓLI

Afkombót: Nýtt nafn á gömlum púka



Porsteinn Pálsson

Nýtt hugtak skaut upp koll í síðustu fjármálaáætlun. Þar er talað um „afkomubætandi aðgerðir,“ sem grípa á til fyrir mitt næsta kjörtímabil.

Afkomubót merkir: Hækkun skatta og niðurskurð. Í raun er hún því nýtt ljóðrænt heiti á gömlum ríkisfjármálapúka.

Stjórnarflokkarnir segja að púkinn þurfi 35 til 50 milljarða króna að því gefnu að verðbólga hjaðni, vextir hækki ekki og krónan haldist stöðug.

Efnahagspólitik næstu tveggja kjörtímabila mun snúast um að hemja þennan púka og með hvaða ráðum það má gera.

Viðurkenna gagnrýni

Fyrir á þessu ári settu Samtök atvinnulífsins fram mjög harða gagnrýni á forsendur efnahagsstefnunnar.

Þau bentu réttilega á að vextir af skuldum ríkissjóðs þurfa að vera lægri en hagvöxtur til þess að skuldaförnunin leiði ekki til skattahækkana eða niðurskurðar á velferðarkerfinu.

Jafnframt töldu þau að ekkert benti til þess að þetta markmið náist.

Stjórnarflokkarnir viðurkenna nú formlega þessa gagnrýni með nýja nafninu á púka fjárlaganna.

Klípa kjósenda er aftur á móti sú að til þess að viðhalda pólitískum stöðugleika vill ríkisstjórnin ekki ræða púkann fyrir kosningar. En það gera aðrir:

Vextir hækka

Í Markaði Fréttablaðsins í lok mars bendir Agnar Tómas Möller sviðsstjóri hjá Kviku eignastýringu á að um síðustu áramót hafi vaxtabyrði opinberra aðila á Íslandi verið sú þriðja hæsta í OECD. Aðvörunarorð hans eru þessi:

„Hröð hækkun stýrivaxta vegna ofhitnunar af völdum ríkisfjármála og enn frekari hækkun langtímavaxta vegna lækkunar lánsþæfis, gæti því leitt til tug milljarða aukningar í árlegum vaxtakostnaði ríkissjóðs.“

Væntanlega mun Seðlabankinn þó reyna að halda eigin vöxtum í horfinu fram yfir kosningar.

En sú aðvörun, sem hér er vitnað til, sýnir að nýrra aðgerða er þörf, ef koma á í veg fyrir að púkinn í fjármálaáætluninni tvöfaldi þyngd sína.

Hamskipti kjarnaverðbólgu

Í Markaði Fréttablaðsins í síðustu viku segir Birgir Haraldsson sviðsstjóri hjá Akta sjóðum að hamskipti kjarnaverðbólgu sé eftirtæktarverð þróun, en um leið áhyggjuefni. Síðan segir hann:

„Verðbólguvandinn verður vart leystur með krónunni og ekki er víst að núverandi efnahagsslaki nægi til að ná fram hjóðnun á verðbólgu með vorinu líkt og Seðlabankinn bindur vonir við.“

Birgir telur að þáttaskil geti verið fram undan og segir: „Það er því ekki útilokað að væntingar um vaxtahækkunir Seðlabankans taki miklum breytingum á næstu misserum, ekki sist ef verðbólgu-sviðsmyndin súrnar vegna versnandi verðbólguvæntinga heimila og fyrirtækja.“

Í nýrri Vísbendingu kemur fram að Hagfræðistofnun gerir ráð fyrir að verðbólga lækki síðar á þessu ári en hækki svo skarpt í byrjun næsta árs.

Erlendir fjárfestar flýja

Vefmiðillinn Kjarninn vakti athygli á því í síðustu viku að fjármagnsflótti erlendra fjárfesta frá Íslandi er skollinn á. Erlendir fjárfestar fóru þannig með 115 milljarða króna út úr íslenska hagkerfinu umfram það sem þeir komu með inn síðustu fimmtán mánuði.

Erlendir fjárfestar yfirgefa skuldabréfamarkaðinn þegar vextir lækka. En nú flýja þeir

hlutabréfamarkaðinn líka. Ástæðan er sú að erlendu fjárfestarnir hafa ekki trú á gjaldmiðlinum og efnahagsstefnunni. Þeir ætla ekki að tapa á hugsanlegri gengislækkun.

Ríkissjóður hefur á sama tíma tekið jafn mikil erlend lán. Það þýðir að ríkisstjórnin flytur gengisáhættuna, sem erlendir fjárfestar losa sig við, yfir á almenning.

Höft og lífeyrisskerðingar

Til að hemja vöxt púkans þarf ríkisstjórnin eðlilega að grípa til aðgerða. Hún verður að auðvelda Seðlabankanum að halda gengi krónunnar uppi og lækka langtíma



Til að hemja vöxt púkans þarf ríkisstjórnin eðlilega að grípa til aðgerða.

vexti, sem ekki hefur enn tekist.

Þetta gerir ríkisstjórnin annars vegar með frumvarpi, sem færir Seðlabankanum ótakmarkað vald til þess að setja jafn viðtæk fjármagnshöft og eftir hrun. Hins vegar með frumvarpi um skerðingu á lífeyrisgreiðslum lífeyrissjóða með tæknilegum breytingum, sem trúlega er bara fyrsta skref á þeirri vegferð.

Ríkisstjórn, sem er bundin við krónuna, hefur ekki önnur verkfæri en gjaldeyrishöft og skerðingar á lífeyrisskuldbindingum lífeyrissjóða til að halda genginu stöðugu og lækka vexti, í von um að hindra þannig púka ríkisfjármálanna í að fitna.

Netapótek Lyfjavers

Frí heimsending um land allt!*



Afhendum
samdægurs

á höfuðborgarsvæðinu
mán-lau ef pantað
er fyrir kl. 13:00.


Í Netapóteki Lyfjavers getur þú fundið þína lyfseðla, valið samheitalyf og séð lyfjaverðið þitt.

Nýttu þér lágt lyfja- og vöruverð á lyfjaver.is

*Frí heimsending ef pantaðir eru tveir lyfseðlar eða verslað er fyrir meira en 9.900 krónur.

LYFJAVER

lyfjaver.is
Suðurlandsbraut 22





Gleðileg

OPIÐ Í DAG Sumar frá kl.



Tia - Gardverkfæri
verð **490** pr. stk.

Malarhrifa
2.255



Pretul
Laufhrifa
695



2.190



2.995



2.995



2.490



1.935



Atlas Bitum
sökultjara 20 kg
10.985



Oden Eðalolia 2,7L
4.995

Truper haki
/tréskaft
2.295



Gardskafa
1.745



Truper gardverkfæri 4 í setti
1.995



Colorex Sköld þakmálning 9L Stofn A
12.995



Colorex Betopaint útmálning Stofn A 9L
9.995

Strákústur m/stálfestingu 30cm breiður
895



Meister ruslapoki
PopUp 160 L.
1.690

Mei-9957210 Skilrúm
í gardinn 9mx15cm
1.695



Meister garðyfirbreiðsla
margar stærðir
verð frá
490

Truper hekkklippur
1.495



Truper sleggja
m. fiberskafti 3,6kg
4.495
5,44 kg kr. 5.995
7,25 kg kr. 6.995



25 stk. 110 lítra ruslapokar **1.295**
10 stk. 200 lítra ruslapokar **1.295**
25 stk. 110 lítra flokkunarpokar **1.295**
10 stk. 200 lítra flokkunarpokar **1.295**

BIOklean
Pallahreinsir
1L 995
5 lítrar 3.995



Hjólbörur 80L
4.295



Truper greinasög
1.495



Truper garðklippur
2.385



Truper greinaklippur
2.515



Truper slönguhengi
plast
765




Pretul greinaklippur
995



Fúgubursta
m.auka bursta
2.595



Meister - Úðabyssa með stillanlegu skafti
2.795



Meister garðslöngu byssa
1.899



Meister slönguhengi
galvaniserað
1.295



Úðabyssa Power
m/10 stillingum
1.995



Öflugar hjólbörur 90 lítra
8.995



Garðkanna 5 L
1.395



Garðkanna 10 L kr. **1.895**



Lokað slönguhjól 20m 1/2"
14.855

20m Meister garðslanga með
tengjum
2.995



MARGAR
GERÐIR AF
HJÓLBÖRUM

t sumar!

**daginn fyrsta
10-16 í öllum verslunum**



Landora tréolja Col-51903 3L

2.595



ODEN þekjandi viðarvörn
0,9 L

2.695

2,7Lz kr. **6.695**

Creative Super Seal 5 litrar

12.995

25 litrar **29.995**



**Steypugljái
á stéttina
– þessi sem endist**



Flottir blómapottar Mikið úrval



Verð frá
195 kr.

Blákor 5 kg
1.685

Gróðurmold 20 l.

645

40 l kr. 1.095

Grasfræ 1 kg

1.335



Bíla/glugga
þvottakústur
3 metrar

3.999

Bíla & gluggaþvotta-
kústur, gegn um
rennandi 116>180cm,
hraðtengi með lokun

2.995



**Weber
staurasteypa**

Þyngd: 15kg

Verð: **995** kr.



stikxpro

Tréskrúfur A4. 4.0x50 200 stk. **1.785**

Tréskrúfur A4. 4.5x50 200 stk. **1.995**

Tréskrúfur A4. 5.0x50 200 stk. **2.495**

**Mikið úrval af
Domax vinklum
fyrir pallasmíðina
– frábært verð!**



**Lavor háprýstidæla
Ninja 130 Plus**
130 bór
Vantflæði max 420l/klst
Orka: 1800 W

15.995



Made by LAVOR



**Lavor háprýstidæla
STM 160 ECO**
Orka: 2500 W max
Hámarksþrýstingur: 160 bór

32.995

**Lavor háprýstidæla
Predator 180 Digit**
Þrýstingur Max: 180 bór
Vantflæð Max: 510l/h
Orka Max: 2500W
Byður upp á 3 stillingar á styrk

39.995



48.985

MOWER CJ18

BS 3,5hp Briggs&Stratton
mótor, rúmtak 125 CC,
skurðarvidd 46cm/18".
Safnpoki að aftan 60 L,
skurðhæð og staða
25-80mm/10

Sláttuorf: 1cylinder loftkældur
mótor. 0,7 kW Rúmtak 31CC,
Stærð bensintanks 0,65 L

29.895

**Sláttuorf Mow
FBC310**



69.995

MOWER CJ20G

Sláttuvél m/drifi, Briggs&Stratton
mótor, rúmtak 150CC, skurðarvidd
51 cm 20" Safnpoki að aftan
65L, hliðarútskilun.
Skurðhæð og staða
25-75mm/8

BRIGGS & STRATTON



79.995

MOWER CJ20

Sláttuvél m/drifi, BS 6,0 hp Briggs&Stratton
mótor. Rúmtak 163 CC, skurðarvidd
53cm/21", sjálfknúin 3,4 km/klst.,
safnpoki að aftan 70 L, hliðar
útskilun, skurðhæð og staða
25-80mm/8

**Lækkaðu
kostnaðinn við
pallasmíðina.
Beta verð á A4 pallaskrúfum,
vinklum og staurasteypu.**



Reykjavík	Kletthálsi 7.	Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 10-16
Hafnarfjörður	Selhellu 6.	Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 10-16
Reykjanesbær	Fuglavík 18.	Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 10-14
Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is		

MÚRBÚÐIN

Gott verð fyrir alla, alltaf!

Ákall um Parísarsáttmálann á Degi jarðar



Dagur B. Eggertsson
borgarstjóri
Reykjavíkur



Það er komið að ögur-
stundu.

Þegar fyrsta Jarðar-ráðstefna Sameinuðu þjóðanna var haldin í Stokkhólmi 1972, voruðu visindamenn við þeirri hættu sem stafaði af óheftum ágangi á plánetu með takmarkaðar auðlindir. Lítið hefur breyst á þeim 50 árum sem liðin eru þó svo að aldrei hafi verið brýnna að bregðast við en nú. Á hverju ári göngum við sífellt fyrr að þolmörkum sjálfbærni jarðarinnar og þar með, varanlega á náttúruauðlindir okkar.

Við erum borgarstjórar allsstaðar að úr heiminum og verðum áþreifanlega vör við afleiðingar loftslagsbreytinga og áhrif þeirra á borgirnar okkar sem hvetur okkur til að bregðast við til verndar borgarbum og heilsu þeirra. Á hverjum degi stöndum við frammi fyrir þessum ógnum, og við stöndum saman í því að finna lausnirnar. Borgirnar okkar eru einstaklega kvikar og snjallar, og veita góða umgjörð fyrir íbúana til þess að þeir geti tileinkað sér grænan lífsstíl.

Í ár verður haldinn fjöldi alþjóð-

legra viðburða sem eru mikilvægir fyrir borgirnar okkar. Þar ber hæst tvær ráðstefnur Sameinuðu þjóðanna – annars vegar er Loftslagsráðstefnan í Glasgow og svo hins vegar ráðstefna um líffræðilegan fjölbreytileika sem haldin er í Kunming í Kína. Þar verða samþykktar áþreifanlegar aðgerðir til að koma í veg fyrir að meðalhitastig jarðar hækki um meira en tvær gráður. Við skorum því í dag, á Degi jarðarinnar, á alla hagsmunaaðila að standa við skuldbindingar sínar, nú þegar fimm ár eru liðin frá undirritun Parísarsáttmálans.

Í tilefni af því að fimm ár voru frá Parísarfundinum í desember sl. undirrituðum við sérstaka Parísaryfirlýsingu þar sem við hvetjum borgir heims til samstarfs. Alls hafa 133 borgir undirritað yfirlýsinguna, sem styður verkefnið Race to Zero – eða kapphlaupið að kolefnishlutleysi – sem er það markmið sem Sameinuðu þjóðirnar setja fyrir næstu loftslagsráðstefnu. Þannig vörpum við ljósi á aðgerðir okkar til að ná kolefnishlutleysi með því að draga úr kolefnislosun á stórfelldan hátt í borgunum okkar.

Fyrir 2030 eiga ríki að hafa sett sér betri og metnaðarfullri áætlanir um að draga úr útblæstri. Sameiginlegar skuldbindingar ríkjanna eru að verja árlega 100 milljörðum dollara til að ná því marki. Geri þau það ekki kemur það harðast niður á fátækari svæðum sem ekki hafa ráð á slíkum aðgerðum. Loftslagsaðgerðir verða því að vera hvoru tveggja sanngjarnar og stuðla að auknum jöfnuði.

Það er komið að ögur-
stundu. Áskorunin sem við stöndum frammi fyrir er yfirþjóðleg og viðbrögðin verða að vera þvert á þjóðir og landamæri. Ef viðbrögðin taka aðeins tillit til okkar eigin aðstæðna án alþjóðlegrar yfirsýnar, samstöðu og stuðnings, munum við aldrei ná settu marki. Það er skylda okkar að endurvekja vonir næstu kynslóða um lífvænlega framtíð þrátt fyrir kreppur, hamfarir og faraldra. Því veljum við Dag jarðar til að áretta ákall okkar til ríkisstjórna heims um að herða sig í loftslagsbaráttunni til að vernda jörðina okkar og verðmæti okkar sameiginlegu auðlinda.

Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri Reykjavíkur, ásamt borgarstjórum Apenu, Barcelona, Brazzaville, Bogota, Búdapest, Buenos Aires, Dakar, Dortmund, Flórens, Genfar, Glasgow, Haifa, Helsinki, Lausanne, Liège, Lissabon, Ljubljana, Manchester, Milánó, Namur, Parísar, Ríga, Sao Paulo, Tókýó, Valencia og Varsjár.

Missti börn og átti – Guðrún Þórey Jónsdóttir (GPJ)



Aðalsteinn Júlíus Magnússon
hagfræðingur og líffræðingur



Það er því hámark ósvífninnar að krefjast réttar til að fá að smita.

Í þessari sjálfhverfu umræðu sem einkennir þing og dómstóla, þykir mér rétt að rifja upp þetta pulubrot eða orðaleik, sem á sér hliðstæður í öðrum tungumálum, því gamanið er grátt – og hafa svo röðina réttilega ranga, í samræmi við tíðarandann. En sjálfskipaðir fulltrúar réttshugsunar ríða róftum sem aldrei fyrr. Bæði til hægri og vinstri.

Langamma mín GPJ sem var Valgerðardóttir – eineggja tvíburi við Guðrúnu Þórarinsdóttur, sem Egill gerði næstum fræga í Kiljunni, fyrir þann ótrúlega styrk og hetjuskap að vaða ófrísk úr Hvanndölum, þegar sunnanátt gafst, um miðjan vetur yfir í Héðinsfjörð, þegar eldurinn sloknaði í eina bænum í dalverpinu og hún þurfti að vernda börnin.

Hörð var æfi Guðrúnar þessarar að sögn samtíðarmanna, en hér er GPJ systurdóttir (dóttir) sögumiðja. Það skýrir fyrirsögnina, því hún átti fleiri börn, en nú tíðkast, þótt fá yrðu fullorðin.

24. ágúst 1889 eignast GPJ heilbrigða tvíbura, dreng og stúlku. Sömu nótt, þ.e. aðfaranótt 24. ágúst 1889 deyr tíu ára sonur hennar Aðalsteinn Júlíus Magnússon. Þann 7. september sama ár fer svo fram skírn og jarðarför á Grund og í Grundarkirkju, sem foreldrarnir létu reisa. Athöfnin var í þremur hlutum I. Húskveðja, II. Líkræða,

og III. Við skírn tvíbura. Nærri má geta að þetta var erfið stund. En nýi drengurinn fékk sama nafn, þ.e. Aðalsteinn Júlíus Magnússon og dó líka úr Hvítadaða um þritugt og nú er nafnið mitt. En hver var ástæðan fyrir þessum harmdaða? Það var Hvítidaði, berklar. Smitsjúkdómur sem er erfiður því bakterian kemur sér fyrir innan frumu eins og vírus. Það var blessun harmi gegn að áar mínir áttu þann góða vin sr. Jónas frá Hrafnagili, sem studdi þau, en ég á orð hans, ásamt sálmi til á tæpum 30 þéttskrifuðum blaðsíðum og það væri lygi ef ég viðurkenndi ekki að mér vöknar jafnan um augu við lesturinn.

Það má nærri geta að smit- og smitsjúkdómar áttu hug foreldranna sem lögðu stóran hluta til Kristnesspítala og vildu efla menntun með alþýðuskóla. Það er því hámark ósvífninnar að krefjast réttar til að fá að smita. Eins og mál-efni dagsins hljómar. Hvað myndist þessum riddurum réttshugsunar um ef við fengjum meira smitandi ebolavírus, útgáfu sem gæti auðveldlega, eins og umræddur vírus, dreift úr sér? Ætli menn mundu ekki reyna að halda sig heima? Við eigum eftir að kljást við vírusa aftur og aftur, svo langt sem séð verður, svo e.t.v. er þetta ágætis æfing, þótt maður finni til með þeim sem orðið hafa fyrir harmi.

AÐALFUNDUR VM 2021



Aðalfundur félagsins verður haldinn föstudaginn 30. apríl kl. 17:00.

Vegna samkomutakmarkana verður fundurinn að fullu rafrænn.

Dagskrá:

Venjuleg aðalfundarstörf samkvæmt lögum félagsins

ATH. Mikilvægt er að skrá sig á fundinn með því að senda tölvupóst á vm@vm.is

Nánari upplýsingar varðandi fundinn og útsendinguna er að finna á heimasíðu félagsins, vm.is



VM Félag vélstjóra og málmtæknimanna

Þjóðgarður eða veiðigarður



Birgir Guðjónsson
læknir,
ljósmyndari og
þjóðgarðsunnandi



Mikilvægi þjóðgarðs liggur hvorki í stærðarprösentu hlutfalli né stærðarsamanburði.

Ég hef ekki skilið ákafa forráðamanna í að gera þriðjung lands að stærsta þjóðgarði „National Park“ Evrópu sem margir hafa verið ósáttir við og ekki blandað mér fyrir í umræðuna.

Mikilvægi þjóðgarðs liggur hvorki í stærðarprösentuhlutfalli né stærðarsamanburði. Ég fór fyrst nýlega að kynna mér frumvarp og rök flytjenda fyrir hálendisþjóðgarði og varð hreint út sagt agndofa yfir vitleysunni.

Almennt er talið að Yellowstone í Bandaríkjunum sé fyrsta svæðið sem var skilgreint sem „National Park“ en fyrsta svæðið sem í raun var friðlýst var fyrir framan El Capitan klettinn í Yosemite dalnum í Kaliforníu, en síðar var allt svæðið skilgreint sem „National Park.“

Við fjölskyldan nutum þess við tæplega 9 ára dvöl í Bandaríkjunum og síðari heimsóknir að heimsækja nokkra af þekktustu „National Parks“ í Bandaríkjunum og þekkjum því vel hugmyndafræðina og skilgreiningar sem þaðan eru runnar.

Í alþjóðlegri skilgreiningu á „National parks“ segir í stuttu máli; „National Parks provide a safe home for native plants and animals“. Lauslega þýtt; „National Parks“ tryggja öruggan aðbúnað náttúrulegra jurta og dýra.

Og; „commercial exploitation of natural resources in a national park is illegal.“ Lauslega þýtt; viðskiptalegar nytjar náttúrulegra auðlinda í „National Park“ eru ólöglegar.

Í stuttu máli er „National Park“ varðveisla ósnortins lands og lífríkis.

Í frumvarpi flytjenda frumvarpsins er talað um áframhaldandi „nytjar“ svo sem fugla- og hreindýraveiði, búfjárbætur, aðkomu landgræðslu og skógræktar!

Þessi atriði eru eins fjarri skilgreiningu á „National Park“ eins og mögulegt er. Stangaveiði í ám eða vötnum gæti leyft, einkum ef sleppt er. Skotveiði fugla, hvað þá hreindýra, er fánægleg. Beitarnotkun er ekki samrýmanleg. Aðkoma landgræðslu og skógræktar er fjarstæða.

Sprengisandur verður alltaf á sínum stað og má skilgreina sem þjóðgarð. Hann verður varla keyptur af erlendum auðmanni eins og bújarðir bestu laxveiðiáa á Norðausturlandi sem ríkisvaldið blessar yfir og hefur gert að stærsta landeiganda á Íslandi.

Alþingi getur af vanþekkingu gefið hvaða landskíka sem er nafnið „þjóðgarður“ en slíkt svæði mun aldrei njóta alþjóðlegrar viðurkenningar fremur en þingvellir á sínum tíma með gróðursettum bartrjám.

ALLT

KYNNINGARBLAÐ



FORLAGIÐ

Alltaf opið á www.forlagid.is

FIMMTUDAGUR 22. apríl 2021



Pina Colada hanastélið er við-eigandi á hvaða árstíma sem er en á einkar vel við á sumrin.

Sumarlegt og svalandi hanastél

Sumardagurinn fyrsti er í dag og þó svo himininn verði að öllum líkindum skýjaður, kollar vökni víða á landinu og hitinn nái ekki tveimur tölustöfum, þá má samt sem áður gera sér glaðan dag í tilefni þess að lóan er komin og sumarið er á næsta leiti. Einn sumarlegasti kokteill sem hugsast getur er líklegast hinn viðfrægi Piña Colada. Til er fjöldi uppskrifta að þessu bragðgóða og sumarlega hanastéli en þegar kemur að því að fullkomna drykkinn er alger nauðsyn að verða sér úti um eitt ákveðið innihaldsefni. Það er dós af Coco Lopez® Cream of Coconut sem fæst til dæmis í Hagkaupum. Þeir sem eiga öflugan blandara geta breytt þessum dásemdardrykk í gómsætt ískrap.

Uppskrift

Tvöfalt skot (60 ml) Coco Lopez® Cream of Coconut

Tvöfalt skot (60 ml) ananassafi

1½ skot (45 ml) ljóst romm

Um 1 dl ismolar

Að sjálfsögðu er til gómsæt óafeng útgáfa og þar kemur ananas og kókossafinn frá Happy Days að góðum notum. Setjið um 3 dl af frosnum ananas í blandara með 1 msk. af grískri jógúrt, safu úr um hálfri limónu og nóg af ananas/kókossafa til að drykkurinn blandist vel.

johannamaria@torg.is



Helga Lára segir að þrátt fyrir að hún teygi hönnunaranga sína langt út fyrir fatahönnunarsviðið sem slíkt, þá sé hún alltaf að hanna fyrir líkama og með líkamann sem grunn í öllu sem hún gerir. Fyrir henni er fatahönnun einfaldlega það að hanna fyrir líkama. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK.

Vona að ég finni aldrei svarið

Helga Lára Halldórsdóttir hefur unnið um árabíl á mörkum hönnunar og lista. Hún segir fatnað sem slíkan vera opinn miðil sem megi teygja í allar áttir inn á ólík fagsvið. **2**

Helga er menntaður fatahönnuður og þó svo hún vinni á mörkum hönnunar og lista notast hún aðallega við aðferðafræði hönnunar. „Ég hef alltaf skilgreint mig sem fatahönnuð, en hins vegar hef ég fundið mér vettvang innan fagsins sem leitar meira í þekktar aðferðir myndlistar. Fatahönnun er þó minn meginmiðill og er ég alltaf að hanna fyrir líkama á einhvern hátt, og að ögra formi fatnaðar á vissan hátt.

Fatnaður getur verið margs

konar og teygt anga sína inn á fjölmörg fagsvið. Þetta er eitthvað sem ég hef gaman af að rannsaka. Ég vinn mikið með samband líkama, rýmis og fatnaðar og hvernig þessir þrjú þættir geta unnið saman og hannað fatnað. Að sama skapi hef ég unnið mikið með skúlptúrísk form og hvernig þau mynda fatnað í samhengi og sambandi við líkamann. Líkaminn er grunnform og ég byggji upp verk mín í kringum hann, sem er í sjálfu sér grunnur allrar fatahönnunar. Ég tel það

mikilvægt að bjóða líkamanum inn í ferlið frá upphafi og því nota ég til dæmis mikið sjálfa mig sem verkfæri innan hönnunarferlisins,” segir Helga.

„Þó ég hafi teygt anga mína út fyrir hefðbundna túlkun á fatahönnun, eiga verk mín samt enn heima innan sviðsins. Ég vinn með fatnað. Líkaminn er alltaf í lykilhlutverki og er það sem bindur verkið saman. Fyrir mér er það fatahönnun, að hanna fyrir líkama.“

Fátt skemmtilegra en skóli

Helga Lára útskrifaðist árið 2015 með BA í fatahönnun frá Listaháskóla Íslands. Eftir útskrift flutti hún til London og starfaði í tæpt ár hjá hönnuðinum Alex Mullins sem hönnuður og framleiðslustjóri. Þá lá leið hennar í meistaranám í fatahönnun til Svíþjóðar við The Swedish School of Textiles og útskrifaðist hún árið 2018 með MFA í fatahönnun. Þá kennir hún við Listaháskólann og Myndlista-skólann í Reykjavík.

Íslensk gæðahráefni fyrir þig



EYLIF

Heilsan er dýrmætust
www.eylif.is

Að sögn Helgu var það alltaf stefnan að fara í fatahönnun. „Ég byrjaði eins og flestir í þessum bransa að gæla við þetta mjög snemma. Þetta þróaðist allt mjög náttúrulega hjá mér og á vissan hátt leiddi alltaf eitt verkefnið af öðru. Ég vissi alltaf að ég ætlaði í meira nám og var búin að setja stefnuna á meistaranám áður en ég lauk BA. Mér þykir fátt skemmtilegra en að vera í skóla og þess vegna held ég að ég hafi líka leitað þangað aftur í gegnum kennsluna.“

Helga segist predika það á hverjum degi við nemendur sína að finna eigin nálgun á fatahönnun og vikka út sviðið ef þess þurfi. „Ég er að kenna við ýmsar deildir og brautir en nálgunin er í mínum huga alltaf sú sama, að byggja upp sterka aðferðafræði sem auðveldar nemanda allan rökstuðning og þar með að skila af sér sterkri rannsókn sem framlag til fagsviðsins. Það verðmætasta sem þessir tveir skólar geta gert er að skila af sér öflugum nemendum og það er lykilatriði í framgangi greinarinnar. Svið fatahönnunar er stórt og fjölbreytt og gerir hverjum og einum kleift að finna og þróa sinn persónulega vettvang.“

Helga segist vera rannsóknamiðaður hönnuður. „Akademíska umhverfið á því mjög vel við mig og vonast ég til þess að geta verið að kenna áfram með fram sjálfstæðum verkefnum og sýningum, þar sem ég get miðlað þverfaglegum rannsóknum á sviði fatahönnunar á fjölbreyttan máta.“

Gæla og Objective

Helga Lára vinnur að eigin sköpun og er í áhugaverðu samstarfi við fatahönnuðinn Mörtu Heiðarsdóttur og textilhönnuðinn Jónu Berglindi. „Eftir meistaranámið fann ég hvað ég var orðin þreytt á sjálfri mér. Í svona námi vinnur maður alfarið einn og því fylgir ákveðin einsemd, þrátt fyrir að hafa bekkjarfélagana til þess að þjást með. Ég henti mér því í tvö öflug samstarfsverkefni sem eru enn starfandi í dag þrátt fyrir leiðinlegt COVID-ár. Nú ætti þetta allt að vera upp á við og er fullt af sýningum á dagskrá fyrir seinni hluta þessa árs.“

Helga og Jóna hófu samstarf



Jóhanna María Einarsdóttir
johannamaria@frettabladid.is

Það er margt á döfinni og meðal annars munu Helga Lára og Jóna Berglind sýna afrakstur samstarfsverkefnisins Objective í Ásmundarsal frá og með 17. júní. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK.

sitt Objective, eftir að hafa lokið meistaranámi í Svíþjóð, Helga í fatahönnun og Jóna í textíl. „Við áttuðum okkur á því að við vorum að vinna á frekar svipaðan hátt og með álíka nálgun í hönnunarferlinu. Þar að auki erum við með sama húmorinn sem er lykillinn í þessu samstarfi. Þetta leiddi til þess að við létum á það reyna að skella í eitt verkefni saman í lok 2018 og erum við enn að.“

Í Objective rannsaka Helga og Jóna mörk skúlptúrsins og hvernig megi vinna hann í samhengi við líkamann. Leikur, húmor og líkam-



Sýnishorn úr Objective-samstarfi þeirra Helgu Láru og Jónu Berglindar.

leiki eru lykilhugtök í aðferðafræðinni og hönnunarferlinu og skila sér í sýningarform teymisins. „Þá er oft þörf á því að virkja verkið með gjörningi eða aðkomu líkamans á einhvern hátt og þar með fullkomnast það. Hlutverk hluta eru okkur einnig hugleikin og hvernig er hægt að ögra samhengi hluta í okkar nærumhverfi. Þá könnum við og rannsökum klæðanlega hluti og rými, hvernig megi beygja fyrir fram ákveðin viðmið samfélagsins gagnvart eigin hlutum og umhverfi og skapa húnanskan skúlptúr í leiðinni.“

Það vekur athygli að litirnir sem þær Jóna og Helga vinna með eru oft á tíðum sterkir grunnlitir; rauður, blár og gulur. „Ég vinn mikið með grunnlitina og nota þá til þess að hanna og þróa kerfi innan eigin hönnunarferlis. Þetta er eitthvað sem ég tók með mér inn í Objective. Jóna vinnur einnig mikið með sterka liti og við erum alltaf að vinna með vissa leikgleði og samtal við áhorfandann í verkum okkar. Þar hjálpa litirnir mikið og draga áhorfandann á virkari hátt inn í verkið.“

Samstarf Helgu og Mörtu nefnist Gæla eða Pet. „Við Marta kynntumst fyrst í hönnunarlyðháskóla, Den Skandinaviske Designhøjskole. Þar vorum við báðar nægilega ungar, saklausar og vitlausar til að henda okkur í frekara nám í fatahönnun. Leiðir okkar lágu saman eftir að ég flutti formlega aftur heim eftir meistaranámið.

Gæla rannsakar tilfinningalegt vægi hluta og fatnaðar og hvernig megi auka það hjá einstaklingnum. Með auknu tilfinningalegu gildi fatnaðar og hluta og aukinni umhyggju eigenda viljum við leiða til lengri líftíma hlutanna. Gæluhlutir gera neytanda kleift að hugsa um og klappa eigin hlutum. Þetta styður við samband neytanda og vöru og býr til áhugavert samtal og samband þar á milli.

Gæla er einnig ádeila á framleiðsluferli fataiðnaðarinnar. Við Marta höfum báðar unnið við framleiðslu á fatnaði og áttuðum okkur á því að kerfið eins og það vinnur í dag gengur einfaldlega ekki upp. Þar afleiðandi leitast Gæla eftir því að bjóða upp á annars konar „vörur“ til að kaupa, til dæmis í formi upplifana eða aðgerða. Því er í sumum tilvikum hreyfingin sem hluturinn skapar raunveruleg niðurstaða, frekar en varan sjálf.“

Eins og að biðja einhvern um að byrja með sér

Að sögn eru samstarfsverkefni tvö jafnlík og þau eru ólík. „Bæði verkefni eru mjög skemmtileg og vinna með húmor og ádeilu á svokallað „status quo“ innan fagsins.“ Helga segir það fyndið að hefja samstarf með öðrum hönnuði. „Þetta er álíka og að biðja einhvern um að byrja með sér. Maður er ekki alveg viss um hvort hinn aðilinn sé jafnspenntur og maður sjálfur. Svo þegar maður áttar sig



Gæla er einnig ádeila á framleiðsluferli fataiðnaðarinnar. Þá leitast Gæla við að bjóða upp á annars konar „vörur“ til að kaupa, til dæmis í formi upplifana eða aðgerða.



Hér má sjá sýnishorn úr útskriftarlinu Helgu Láru úr The Swedish School of Textiles, Cornered Compositions. MYNDIR/ADSENDAR.

á því að maður sé að „byrja með“ öðrum hönnuði myndast einhver skemmtilega spenna. Samstarf og verkefni sem byggja á þverfaglegri nálgun er algerlega framtíðin. Þetta er allavega eitthvað sem hentar mér einstaklega vel og hefur hjálpað mér að þróa mín eigin verkefni áfram. Það að geta rætt hugmyndir sínar og speglað sig í öðrum er einstaklega gott verkfæri í hönnunarferlinu.“

Margt á döfinni

Helga er að undirbúa tvær sýningar á vegum Objective. „Við Jóna Berglind munum sýna á Southern Sweden Design Days í lok maí í Malmö. Síðan erum við á fullu að undirbúa einkasýningu Objective í Ásmundarsal sem opnar 17. júní með fylgjandi húllumhæi! Við tókum yfir safnið í mánuð og verðum með vinnustofudvöl yfir allt tímabilið. Því verður alltaf eitthvað nýtt að sjá og upplifa yfir dvölinu og alltaf hægt að fá nýjan vinkil á sýninguna og jafnvel róla með okkur í buxnarólum eða taka sundsprett í Gunnfríðargryfju.“

Auk þess er Gæla að byrja að selja fyrstu formlegu vöruna okkar sem í þetta skiptið eru töskur sem hafa fengið mjög góðar viðtökur. Við höfum varla náð að auglýsa töskurnar en erum að verða búnar með fyrsta upplag. Við erum að vinna að því að skapa okkur vettvang fyrir sölu á netinu með óhefðbundnu sniði. Eitt meginmarkmið Gælu er að kanna hvort hægt sé að selja neytanda upplifun í stað raunverulegrar vöru og ögra þar með því hvernig við kaupum og seljum hluti og fatnað í dag. Við finnum okkur knúna til þess að rannsaka þetta sjónarmið í gegnum hefðbundna sölu sem og óhefðbundna og erum við að hefja það ferli núna.“

Miklu skemmtilegra að vera enn að leita

Helga segir að viðhorf sitt til fatahönnunar hafi breyst töluvert og þróast í gegnum árin og sér finnst hún alltaf vera að komast nær einhverju svari. „Flest mín verk í dag varpa fram fleiri spurningum en þau svara, en spurningu má alveg túlka sem svar á ákveðnum grundvelli. Ég vona samt að ég finni aldrei fullkomlega þetta svar, það er svo miklu skemmtilegra að vera enn að leita. Það heldur mér á tánum og býður upp á skemmtilegra ferli en ella,“ segir Helga að lokum.

ÚLPUR & FRAKKAR
20% AFSLÁTTUR

comma,

SMÁRALIND COMMAICELAND



Lokað í dag, sumardaginn fyrsta en opið á morgun 10-18 og laugardag 10-16.



Gleðilegt sumar!



hjá
Hjahrafnhildi



Sigríður Björk Bragadóttir, matreiðslumeistari og eigandi Salt Eldhúss, ólst upp við dýrindis sumardagstertu sem móðir hennar bakaði alltaf fyrir fjölskylduna þegar sumarið kom.

FRÉTTABLAÐIÐ/
ERNIR

Syndsamlega ljúffengir ítalskir sumarréttir



Sjöfn Þórðardóttir
sjofn@frettabladid.is

Sumardagurinn fyrsti hefur litið dagsins ljós og honum er iðulega tekið fagnandi með mat og drykk. Matgæðingurinn Sigríður Björk Bragadóttir segir hér frá leyndardómum sínum um matarhefðir og venjur á sumardaginn fyrsta og yfir sumartímann.

Margir halda í ákveðnar matarhefðir sem hafa fylgt fjölskyldum í áronna rás þegar sumardeginum fyrsta er fagnað. Einnig breytast matarhefðir fólks á sumrin og farið er í sumarlegri og léttari kræsingar.

Jarðarberjaterta mömmu í tilefni sumardagsins fyrsta

Sigríður Björk Bragadóttir er matreiðslumeistari og annar eigenda Salt Eldhúss, jafnan kölluð Sirrý. „Ég held alltaf upp á sumardaginn fyrsta. Mamma bakaði alltaf flotta tertu í tilefni dagsins og það geri ég líka; jarðarberjatertu með fánum og skrauti. Íslensku jarðarberin eru stundum þroskuð og komin í búðir og þá ég nota þau. Deginum er eytt í kaffibóði með fjölskyldunni, börnum og barnabörnum,“ segir Sirrý.

Breytist matargerð og baksturinn á sumrin?

„Já, síldin fer út ásamt mörgu öðru sem maður tengir við veturinn, eins og matarmiklar súpur, hægeldaðir pottaréttir og þungur matur. Baksturinn breytist ekki svo mikið, ég baka alltaf mikið, finnst það bara svo rosalega gaman.

Ég fordást transfitu (unna matvöru) eins og ég get þannig að ég tek með heimabakað, til dæmis grófa hjónabandssælu, í ferðalög innanlands.“

Hvernig myndir þú lýsa matarhefðum og venjum fjölskyldunnar yfir sumartímann?

„Við borðum léttari mat. Alls konar hrásalöt eru vinsæl með kjöti og fiski. Ég á alltaf ristaða sólkjarna, sesamfræ og graskersfræ í krukku til að henda á salatið sem er bæði svo gott og líka að fá vítamínin,“ segir Sirrý.



Kálfakjöt með túnfiskssósu er sælgæti og afar vinsæll réttur á Ítalíu.

Sumarlegur réttur með kálfakjöti í túnfiskssósu

Áttu þér sumarrétt sem þér finnst mikilvægt að framreiða og fagna komu sumarsins með, sem þú vilt leyfa lesendum að njóta?

„Já, mig langar að gefa uppskrift að léttum rétti með kálfakjöti og túnfiskssósu en þann rétt hef ég oft á sumrin. Hann er hægt að útbúa með fyrirvara, einfaldur og mjög góður. Ég var með ítalskt þema í fermingarveislu yngri sonar míns og bar fram þennan rétt á veislu-borðið. Mágur minn er ítalskur og hjálpaði til við að velja og elda með mér réttina.“

Við fengum Sirrý líka til að svipta hulunni af sínum uppáhalds eftirrétti til að fullkomna máltíðina.

„Eftirrétturinn sem ég gef uppskrift að er í miklu dálæti. Hann er svo einfaldur og ljúffengur eins og svo margt í ítalskri matargerð.“

Ítalska matreiðslubókin Silfurskeiðin var tekin fyrir

Sirrý er idin við að elda og prófa sig áfram með því að elda upp úr



völdum matreiðslubókum en það gerir hún í góðum hópi.

„Ég er í matreiðslubókaflótti sem hittist á sex vikna fresti og eldar saman upp úr valdri matreiðslubók sem allir klúbbfélagar kynna sér. Síðast tókum við fyrir ítölsku Silver Spoon-bókina sem er líka til þýdd á íslensku og heitir Silfurskeiðin. Þá mættu tólf klúbbmeðlimir og við elduðum 26 rétti upp úr bókinni sem voru allir mjög góðir og var kálfakjöt með túnfisknum einmitt einn af þeim réttum. Þetta var skemmtileg leið til að kynna frábærri bók sem geymir hvorki meira né minna en 1.258 blaðsíður.“

Vitello tonnato freddo – Kálfakjöt með túnfiskssósu Fyrir 6

800 g kálfakjöt, t.d. lærvöðvi
1 gulrót
1 laukur
1 selleristöngull
1 msk. hvítvinsedik
1 msk. ólífuolía

Setjið vatn og salt í meðalstóran pott og látið suduna koma upp. Skerið grænmetið gróft niður. Bætið því í pottinn ásamt hvítvinsedik og ólífuolíu og kjötinu í heilum klump. Látið þetta sjóða við hægan hita í 2 klst. Látið kólna í

Gratineruð ber með zabaione-sósu er dásamlegur endir á ljúffengri sumardagsmáltíð.

soðinu. Takið kjötið upp út soðinu en geymið 2-3 msk. af soðinu til að nota í sósunu. Skerið það þunnt niður og raðið fallega á fat. Hellið sósunni yfir og skreytið með strimlum af chili eða papriku og kapers. Þetta má gera með góðum fyrirvara og láta bíða 2 til 4 klst. með sósunni á til að kjötið taki í sig bragð af henni. Kjötinu má undirbúa og sjóða daginn áður. Berið fram með fersku grænu salati.

Sósan

200 g túnfiskur í dós, skola olíu frá
3 ansjósuflok
2 msk. kapers
2 harðsoðin egg, bara nota rauðurnar
3 msk. ólífuolía
1 sitróna, safi úr henni

Setjið allt nema olíu og sitrónu í matvinnsluvél og maukið. Bætið þá við olíu ásamt 2 til 3 msk. af soðinu af kjötinu og sitrónu.

Gratin di frutti allo zabaione – Gratineruð ber með zabaione-sósu

Fyrir 4

500 g blönduð ber
3 eggjarauður
50 g sykurl
2 msk. Grand Mariner
½ sitróna, börkur af henni
Mynta (má sleppa)

Skolið, þerrið og raðið berjum á fjóra diska og skerið þau sem eru stór í tvennt. Setjið egg, sykurl og Grand Mariner í skál yfir vatnsbaði og þeytið saman þar til fer að þykkna. Ekki samt láta þetta sjóða. Takið af hitanum og bætið sitrónuberki út í. Hellið sósunni fallega yfir berin. Brennið með brennara til að fá sykurlhúð ofan á. Skreytið með myntu, ef vill. Ef þið eigið ekki brennara er líka hægt að grilla sósunu á berjunum undir grilli en þá þarf að passa að diskarnir þoli hitann. Gledilegt sumar!



ZHENZI Shifonkjóll
Stærðir 42-58
Verð kr. 9.990



ZE-ZE Shifonkjóll
Stærðir 38-48
Verð kr. 9.990



ES&SY kjóll
Stærðir 36-46
Verð kr. 9.990




STUDIO - Pernille blúndu tunica
Fæst líka í svörtu
Stærðir 40-56
Verð kr. 9.990



Mokkasiur
Stærðir 37-42
Verð kr. 16.990

JANA lakkskór
Stærðir 37-42
Verð kr. 8.990



ROBELL Nena 09 gallabuxur
Stærðir 36-52
Verð kr. 19.980



ROBELL Nena 09 strechbuxur
Fást í fleiri litum
Stærðir 36-54
Verð kr. 11.980



ROBELL Bella 09 strechbuxur
Fást í fleiri litum
Stærðir 34-56
Verð kr. 7.980



ROBELL Marie gallabuxur
Stærðir 36-52
Verð kr. 13.980



JANA leðurskór með rennilás á hlið
Stærðir 37-42
Verð kr. 17.990



JANA leðurskór með rennilás á hlið
Stærðir 37-42
Verð kr. 17.990



YEST Joy gallabuxur
Fást í fleiri litum
Stærðir 36-48
Verð kr. 11.980



ZHENZI Jazzy gallabuxur
Stærðir 42-58
Verð kr. 10.990



ZHENZI Twist gallakvartbuxur
Stærðir 42-58
Verð kr. 9.990



ZHENZI leggings
Fást í fleiri litum
Stærðir 42-56
Verð kr.4.990



Lasessor Múminmamma veski
Verð kr. 9.990



Lasessor Múmin Snúður peningabudda
Verð kr. 9.990



Fallegt skraut, en hér er lifandi blóm notað.



Hugmyndaflugið ræður serviettuhringjunum.



Elva Hrund Ágústsdóttir stilisti og Hrafnhildur Hjörleifsdóttir blómaskreytir. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Borðskreytingin er upphafið að ævintýri



Sjöfn Þórðardóttir sjofn@frettabladid.is

Með hækkandi sól fylgja ýmis veisluhöld, fermingarveislur, útskriftaveislur og brúðkaup svo dæmi séu tekin. Til að fá góð ráð og frumlegar hugmyndir fyrir veisluhöldin fékk Sjöfn Þórðar í þættinum Matur og heimili, Elva Hrund Ágústsdóttir stilista og Hrafnhildi Þorleifsdóttur blómaskreyti til að dekkja hátíðarborð sem er miðpunktur veislunnar hverju sinni.

Tilfnið var að að slá upp fermingarveislu fyrir áhorfendur þáttarins þar sem hugsað var fyrir heildarumgjörð veislunnar með glæsilegri útkomu.

„Þar sem við erum að detta inn í bjartari tíma með hækkandi sól, kom ekkert annað til greina en að dekkja borðið í ljósum litatönnum. Það mætti segja að innblásturinn hafi komið með þessum góða vetri, þar sem oftar en ekki var hlýja og finasta vorveður í lofti – og þá skiptir maður ósjálfrátt um gir. En mér finnst afar mikilvægt að huga vel að borðskreytingum þegar gesti ber að garði. Borðið er oftar en ekki það fyrsta sem fólk tekur eftir þegar það mætir í veisluna, og borðið er einnig staðurinn þar sem gestir sitja hvað lengst fram eftir kvöldi og njóta góðs matar og samveru. Þessi tiltekna uppstilling á borði á vel við fermingar, skírnarveislur, stórafmæli, brúðkaup eða í raun hvaða tilfni sem er. Því uppstillingin er yfirveguð en á sama tíma glæsileg og áberandi,“ segir



Hér sést önnur smart útgáfa af því hvernig má raða serviettu við diska.

Elva og finnst fátt skemmtilegra enn að dekkja hátíðarborð.

Keramík í jarðlitum og hör tóna vel saman

Þema veislunnar minnir á náttúruna og hefur enga kynjatengingu. Elva hugsaði vel út í samsetninguna og er afar fær að raða saman efniviði og litatönnum sem mynda skemmtilega litapallettu.

„Ég valdi hvítan hördúk á borðið og hörservíettur, og ákvað að halda mig við þessa náttúru-tengingu með fallettri keramik í jarðlitum. Það eru tvenns konar matarstell á borðinu, annars vegar eitt drapplitað frá Ferm Living og hins vegar steinleirsdiskar frá Jars Céramistes í mjúkum pastellitum, og sýna að það er vel



Hvít kerti eru alltaf sparileg en vissulega má nota alla regnbogans líti í kertastjakana.



Lifandi og litrík blóm og fallegar blöðrur setja skemmtilegan og fagan svip á veisluborðið.

“Ég mæli með að útbúa söngtexta, matseðil eða einhvers konar borðkort til að setja smá spennu í mannskapinn, við hverju hann má búast.

Elva Hrund

hægt að blanda saman litum án þess að þeir verði of afgerandi. Ég blanda síðan ýmist kristalsglösum við tærari glös og sýni jafnframt hvernig nota má kampavínglós á fæti undir eftirrétti. Eins nota ég litla keramik kaffibolla undir skyr mús með hnetumulningi. Þar fyrir utan eru litlar skálar með lakkriskúlum á borðinu, á milli allra gesta – svona til að narta í yfir daginn.“

Að útbúa matseðil og söngtexta er tilvalið uppbrot

Elva á það líka til að lauma inn frumlegu skrauti, fylgihlutum og skemmtilegheitum, sem gleður augað og sálina.

„Einhverra hluta vegna vill það til að ég lauma oft einhverju gylltu á borðin sem ég skreyti og í þetta sinn var það engin undantekning. Á borðinu má sjá papparör í glösum með gylltum doppum og eins er statíf undir matseðilinn gyllt á lit. En ég mæli með að útbúa söngtexta, matseðil eða einhvers

konar borðkort til að setja smá spennu í mannskapinn, við hverju hann má búast.“

Lifandi blóm mynda heildarstemninguna

„Til að binda borðið saman eru lifandi blóm mitt fyrsta val – það verður allt fallettra þegar blóm lenda á borðinu. Við Hrafnhildur hjá Blómagalleríi vinnum ákaflega vel saman og úrvalið hjá henni er ævintýralegt. Þegar ég átti fund með Hrafnhildi fyrir þetta verkefni og sagði henni mínar hugmyndir varðandi uppstillinguna og borðið sjálft, þá vorum við með alveg sömu sýn á það hvernig blómin ættu að radast, í mörgum misstörum glærum vösum þar sem villtir blómvendur radast eftir miðju borðsins – og verða í raun upphafið að óskrifuðu ævintýri kvöldsins. Eins lagði ég lítil blóm við diskana og á serviettturnar, sem gerir mikið fyrir heildarútliti.“

LÍFRÆN VOTTUN

Fréttablaðið vinnur í samstarfi við Vottunarstofuna Tún að sérblaði. Blaðið mun innihalda alls kyns fróðleik um lífrænar afurðir, ásamt viðtölum og umfjöllunum. Blaðið kemur út 30. apríl nk.

Vertu viss um að tryggja þér gott auglýsingapláss í langmest lesna blaði landsins.

Nánari upplýsingar um blaðið veitir

Jón Ívar Vilhelmsson markaðsfulltrúi Fréttablaðsins.
Sími 550 5654 / jonivar@frettabladid.is



FRÉTTABLAÐIÐ SÉRBLÖÐ

RÝMINGARSALA LOKADAGAR

GALLERI 17 SMÁRALIND



Vinsæl vörumerki í fatnaði og skóm
fyrir dömur og herra - allt að **70% afsláttur**

carhartt® **N A-K D** **LACOSTE** **JUST FEMALE**
SAMSØE **SAMSØE** Calvin Klein 
enVII Matinique **DIESEL**  **mhimum** **MOSS**
REYKJAVIK

*AUK ANNARRA ÞEKKTRA MERKJA

Við erum spennt að opna

glæsilega Galleri 17 verslun á nýjum stað
í Smáralind, miðvikudaginn 28.apríl

Nýjar vörur í Galleri 17 Kringlunni

Fylgist með okkur á samfélagsmiðlum

 [gallerisautjan](#)

 [galleri17](#)

 [ntc.is](#)

Smáauglýsingar

550 5055

Afgreiðsla smáauglýsinga og simi er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

Bílar & Farartæki

KRÓKUR

ÞARFTU AÐ KAUPA EÐA SELJA BÍL?

Bílauppbod.is er uppbodsvetur þar sem þú getur keypt eða selt bíl á einfaldan og hagkvæman hátt. Kynntu þér málið. www.bilauppbod.is Sími 522-4610.

Bílauppbod - Krókur
Sími: 522 4610
www.bilauppbod.is



Nýr Renault Zoe 52 kWh með leðursætum. Drægni um 390 km. Vel útbúin bílar með 360° Myndavél ofl. Litir Svartur - Hvítur og Dökkgrár. Okkar verð aðeins 4.690.000,-

Sparibill ehf
Hátún 6A, 105 Reykjavík
Sími: 577 3344
www.sparibill.is

Þjónusta

Garðyrkja

Tek að mér slátt fyrir húsfélög og einstaklinga, klippingar og umhirðu á gördum. Uppl. í s. 616 1569.

Bókhald



Skattframtöl, Bókhald, Vsk. & launauppgjör, Ársuppgjör. Ódýr og góð þjónusta
www.hsebokhald.is
hsebokhald@hsebokhald.is
Sími: 6926910

H bókhald

Alhliða bókhalds- og launavinnsla
Traust og áreiðanleg þjónusta

Sími 8829339 - hbokhald@hbokhald.is
Þinghólsbraut 71, 200 Kópavogur

Málarar

Getum bætt við okkur verkefnum innan og utanhús. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Lítið Mál ehf. Sigurður 896-5758.

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bill. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Miklaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Húsviðhald

Rúnar Múrari ehf
S. 774 3800
Tröppuviðgerðir - Húsviðgerðir
- Pakmálun - Málingarvinnu-
o.m.fl.
<https://runarmurari.is>

FLÍSLAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK

Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994

Rafvirkjun

RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.

Þjóðum hagstætt verð í töfluskripti. Straumblik ehf. Löggitur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

Keypt & Selt

Til sölu

Gítarinn ehf.

Stórhöfði 27
Sími 552 2125
www.gitarinn.is



Hljómborð á tilboði

Mikið úrval

Verð við allra hæfi



Gæða ungnautakjöt beint frá byli. Minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas, snitsel og steikur. www.myranaut.is s. 868 7204

Húsnæði

Geymsluhúsnæði

WWW.GEYMSLAEITT.IS
Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m². S: 564-6500

GEYMSLUR.IS
SÍMI 555-3464

Geymslur af öllum stærðum. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

GEYMSLUR
VATN
gjofsemgefur.is
907 2003
Hjálparstarf kirkjunnar

Auglýsing um Skipulagsmál í Skaftárhreppi.



Samkvæmt 41.gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér auglýstar tillögur að eftirfarandi deiliskipulagsbreytingum:

Deiliskipulagsbreyting – Íbúðabyggð við Læknisbústað, Kirkjubæjarklaustri.

Gerð er breyting á deiliskipulagi Læknisbústaðar sem samþykkt var 19.12.2019 og felur breytingin í sér að breyta tveimur einbýlishúsalóðum í tvær fjölbýlishúsalóðir. Skortur er á minna húsnæði á Kirkjubæjarklaustri sbr. Húsnæðisáætlun Skaftárhrepps. Að öðru leyti gilda skilmálar úr gildandi skipulagi.

Deiliskipulagsbreyting – Áningastaður í Eldhrauni.

Gerð er breyting á deiliskipulagi Eldhrauns sem samþykkt var 17.05.2013 og m.s.br. sem samþykktar voru 15.07.2014. Deiliskipulagið er stækkað úr 0,4 ha í 2,6 ha og mörk svæðisins ná norður fyrir Þjóðveg 1. Gert er ráð fyrir 14 nýjum bílastæðum og tveimur rútustæðum norðan við Þjóðveginn en stæðið er eingöngu ætlað umferð sem ekur vestur. Gert er ráð fyrir vegriði sem aðskilur aksturstefnur og undirgöngum fyrir gangandi umferð undir Þjóðveginn að gönguleiðum og útsýnisstöðum.

Tillögurnar liggja frammi á skrifstofu Skaftárhrepps, frá og með fimmtudeginum 22. apríl til og með 3. júní 2021. Tillögurnar eru einnig til sýnis á heimasíðu Skaftárhrepps, www.klaustur.is.

Skila skal skriflegum athugasemdum á netfangið bygg@klaustur.is eða beint á skrifstofu Skaftárhrepps, Klausturvegi 10, 880 Kirkjubæjarklaustri.

Skipulagsfulltrúi Skaftárhrepps

Þjónustuauglýsingar

Sími 550 5055

LOK Á HEITA POTTA



Framleiðum einangrunarlok og yfirbreiðslur á allar tegundir potta. Metum ástand og gerum við. www.fjardarbolstrun.is

Fjardarbolstrun S. 561 4188 • 840 0339 • fjardarbolstrun@gmail.com

Geymsluskúrar /gestahús til sölu



- Þrjár stærðir 7,5/9,5/14,9 fm.
- Veggjagrind út 45x95 timbri.
- Pappi og bástúl á þaki.
- Rofar og tenglar IP44 rakaheldnir.
- Skúrar sem þola veður og vinda.

Nánari uppl. reisum@simnet.is eða s. 899 0913 Fríða, www.reisum.is

ER BÍLSÆTIÐ RIFIÐ ?



Bílsætið gerðir, mótörhjóla og snjósleðasæti. Húsbílaklæðning og öll almenn bólstrun. Við erum þekktir fyrir fljóta og góða þjónustu. Skoðið video af vinnslu á www.hsbolstrun.is

FYRIR

EFTIR

Formbólstrun

Hamraborg 5 Kóp, Hamrabrekkumegin S. 544 5750 www.hs@bolstrun.is

Ferðaðjónustuhús



Vönduð hús sem henta vel í ferðaðjónustuna, afhendast fullkláruð.

Nánari uppl. reisum@simnet.is eða í síma 899 0913 Fríða www.reisum.is



Varahlutir í VOLVO Vinnutæki



Vertu vinnar okkar á Facebook

Sími: 517-8240 - Súðarvogur 20 - www.eyjaland.is

ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR

ÞARFT ÞÚ AÐ KOMA FYRIRTÆKINU ÞÍNU Á FRAMFÆRI?



HAFÐU SAMBAND OG VIÐ GERUM ÞÉR TILBOÐ

FRÉTTABLAÐIÐ

Sími 550 5055 | smaar@frettabladid.is

Alla fimmtudaga og laugardaga

arnarut@frettabladid.is

Fyrirmyndarfyrirtæki
2020
hagvangur.is



HAGVANGUR



Erum við
að leita
að þér?

Verkstjóri

Viðskiptavit ehf býður áhugavert framtíðarstarf og spennandi verkefnastöðu fyrir verkstjóra sem hefur góða reynslu af stýringu á verkstað.

Viðkomandi mun vinna náið með eigendum að fjölbreyttum verkefnum.

Helstu verkefni

- Dagleg verkstjórn og rekstur á byggingarsvæðum fyrirtækisins
 - Samskipti við opinbera aðila og samstarfsaðila
- Um er að ræða skemmtilegt, krefjandi og fjölbreytt starf þar sem öryggi, gæði og afköst skipta meginmáli.

Starfskröfur og eiginleikar:

- Viðeigandi menntun (meistararéttindi) og marktæk reynsla á verkstað
- Reynsla af AJOUR kostur
- Stundvísi, sjálfstæði og vinnusemi
- Árangursdrifin og lausnamiðuð nálgun
- Samskiptafærni, frumkvæði og framúrskarandi þjónustulund

Umsóknarfrestur er til 23. apríl 2021.

Umsóknir óskast sendar til sigrður@vvit.is með ferilskrá og nöfnum umsagnaraðila.



VIÐSKIPTAVIT

- VIÐ LÁTUM HLUTINA GERAST -

Viðskiptavit ehf. er framsækið fyrirtæki í byggingariðnaði sem sinnir verktöku ásamt alhliða verkefnastjórnun og ráðgjöf. Viðskiptavit hefur innan sinna raða reynslumikið og hæfileikaríkt starfsfólk á sviði byggingarstarfsemi og verkefnastjórnunar.

Verkefnastjóri

Viðskiptavit ehf býður áhugavert framtíðarstarf og spennandi verkefnastöðu fyrir verkefnastjóra sem hefur stýrt byggingarverkefnum og unnið á verkstað.

Viðkomandi mun vinna náið með eigendum að fjölbreyttum verkefnum.

Helstu verkefni

- Samningagerð við undirvertaka og birgja
- Stjórn innkaupa
- Gerð og eftirfylgni verk- og kostnaðaráætlana
- Reikningagerð og uppgjör verka
- Tilboðsgerð
- Samskipti við opinbera aðila og samstarfsaðila

Starfskröfur og eiginleikar:

- Iðn-/tækni-/verkfræðimenntun og marktæk reynsla á verkstað
- Reynsla í áætlanagerð
- Reynsla af AJOUR kostur
- Stundvísi, sjálfstæði og vinnusemi
- Árangursdrifin og lausnamiðuð nálgun
- Samskiptafærni, frumkvæði og framúrskarandi þjónustulund

Umsóknarfrestur er til 23. apríl 2021.

Umsóknir óskast sendar til sigrður@vvit.is með ferilskrá og nöfnum umsagnaraðila.



VIÐSKIPTAVIT

- VIÐ LÁTUM HLUTINA GERAST -

Viðskiptavit ehf. er framsækið fyrirtæki í byggingariðnaði sem sinnir verktöku ásamt alhliða verkefnastjórnun og ráðgjöf. Viðskiptavit hefur innan sinna raða reynslumikið og hæfileikaríkt starfsfólk á sviði byggingarstarfsemi og verkefnastjórnunar.



GLEÐILEGT SUMAR!



Sigurlaug
124.500 kr.



Gvendarlaug
177.000 kr.



Grettislaug
239.000 kr.



Gelrslaug
257.000 kr.



Unnarlaug
285.000 kr.



Snorrulaug
278.000 kr.

NORMX

Íslensk framleiðsla í 39 ár!

OPIÐ 10-14 Í DAG SUMARDAGINN FYRSTA.

Auðbrekku 6 200 Kópavogi Sími 565-8899 normx@normx.is

Merkisatburðir

1870 Lenín, rússneskur byltingarleiðtogi, fæðist, en hann deyr árið 1924.

1906 Sérstakir auka Ólympiuleikar eru settir í Aþenu í tilefni af tíu ára afmæli nútíma Ólympiuleikanna.

1937 Bandaríski leikarinn Jack Nicholson fæðist.

1944 Bresk flugvél ferst rétt við nýja stúdentagarðinn í Reykjavík, Nýja Garð. Öll áhöfnin ferst með vélinni.

1950 Leikritið Íslandsklukkan eftir Halldór Kiljan Laxness er frumsýnt í Þjóðleikhúsinu.

1967 Viðir Reynisson, deildarstjóri almannavarnardeildar ríkislögreglustjóra, fæðist.

1978 Ísrael sigrar Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva með laginu „A-Ba-Ni-Bi“.

1989 Aron Einar Gunnarsson, fyrirlíði íslenska karlalandsliðsins í knattspyrnu, fæðist.

2016 Á þessum degi hafa 175 lönd undirritað Parísarsamkomulagið.



Ásthildur Jónsdóttir, sýningarstjóri LÁN, og Harpa Rut Hilmarsdóttir, verkefnisstjóri barnamenningar. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Fjalla um heiminn í heild

LÁN, Listrænt ákall til náttúrunnar: Samsýning 15 leik- og grunnskóla í Reykjavík, dreifir sér um tvö listasöfn og eitt menningarhús og er hluti af Barnamenningarhátíð.

Mér er ekki kunnugt um að haldin hafi verið stærra sýning á verkum barna hér á landi, né að viðtækara samstarf hafi átt sér stað milli vísinda- og listafólks og barna,“ segir Harpa Rut Hilmarsdóttir, verkefnastjóri barnamenningar hjá borginni, um samsýninguna LÁN. Sú er í Listasafni Reykjavíkur – Hafnarhúsi, á Kjarvalsstöðum og í Borgarbókasafninu – Menningarhúsi, Spönginni í Grafarvogi. Auk þess er sýning í tengslum við hana í Listasafni Íslands við Frikirkjuveg sem er búin að standa síðan fyrr í vetur.

Átta hundruð börn á skóla- og frístundasviði Reykjavíkur fjalla um mál efni náttúrunnar á skapandi hátt á sýningunni. Áður höfðu þau notið fræðslu vísindamanna á borð við Magnús Tuma Guðmundsson og Sævar Helga Bragason og leiðsagnar um 30 listamanna, auk kennara í leikskólum og grunnskólum borgarinnar.

„Börnin hafa verið að læra um sjálfbærni og í verkunum sínum eru þau að fást við flókin og stór mál eins og að fara vel með jörðina og heiminn í heild. Hugmyndir sínar útfæra börnin undir handleiðslu listafólksins og kennaranna og



Tveir af þátttakendum sýningarinnar. Annar er aðeins að lagfæra gíginn!

eru frekar að finna lausnir en að velta sér upp úr vandamálum. Það er svo fallett. Listrænn stjórnandi verkefnisins og sýningarstjóri er Ásthildur Jónsdóttir, fræðimaður og myndlistarmaður. Hún réð listafólkið til starfa og kom sjálf með góðar hugmyndir,“ lýsir Harpa Rut.

Sýningin LÁN er opin fram á næsta sunnudag, 25. apríl. „Börn fá að sýna í þessum virtu húsum okkar á Barna-

menningarhátíð Reykjavíkur,“ útskýrir Harpa Rut. „En þó sýningin standi stutt hefur undirbúningur og verkefnið í kringum hana verið lærdómur fyrir þau,“ segir hún og bætir við að frítt sé á sýninguna fyrir fullorðna í fylgd með börnum.

Barnamenningarhátíð Reykjavíkur er með nýju sniði í ár og stendur frá 20. apríl til 14. júní. gun@frettabladid.is



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma, stjúpmóðir, systir og mágkona,

Sigríður Sveinsdóttir

píanókennari,
Espigerði 4,

lést á Landspítalanum
Fossvogi þann 18. apríl.

Kristín Guðmundsdóttir

Gerður Guðmundsdóttir
Helga Guðmundsdóttir
Helga Sveinsdóttir
Jón R. Sveinsson

Jón Pétur Jónsson
Arnþór Sigurðsson
Valdimar Guðnason
Guðrún Óskarsdóttir

og barnabörn.



Elskulegur sonur okkar og bróðir,

L. Emil Ólafsson

Laugarnesvegi 62,
er látinn.

Útförin verður auglýst síðar.

Anna J. Hallgrímsdóttir
Ólafur Emilsson
Hrefna Björk, Hallgrímur, Liney og Hildur

Jóhannes B. Helgason
Sigrún Ragna Jónsdóttir



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Þórunn K. Jónsdóttir

Svarthömrum 68,
112 Reykjavík,

lést á Landspítala Landakoti 18. apríl
síðastliðinn. Útförin verður auglýst síðar.

Jóna G. Ragnarsdóttir
Álfhildur S. Jóhannsdóttir
Gunnar P. Jóhannsson
Guðmundur I. Jóhannsson

Ísak J. Ólafsson
Þórarinn Gunnarsson
Þóra Egilsdóttir
Kristjana Ó. Birgisdóttir

barnabörn og barnabarnabörn.



Yndislega og elskelega sambýliskona, systir, mágkona og frænka,

Ingibjörg Þórey Sveinbjörnsdóttir

varð bráðkvödd á heimili sínu
þriðjudaginn 30. mars.
Jarðarförin hefur farið fram.

Þökkum öllum þeim innilega sem sýndu okkur
hluttekningu og samúð.

Guðmundur Bjarni Jóhannsson

Árni Sveinbjörnsson
Sveindís M. Sveinbjörnsdóttir
Sigrún I. Petersen
Díana S. Sveinbjörnsdóttir

Marianne L. Sveinbjörnsson
Óskar Sigurbjörnsson
Ingolf J. Petersen

Kolbrún L. Sveinbjörnsdóttir
Stefán Halldórsson
og fjölskyldur.



Ástkær faðir okkar,
tengdafaðir, afi og langafi,
Gunnar Lúðvík Björnsson

lést á gjörgæsludeild Landspítalans í
Fossvogi laugardaginn 17. apríl.
Útför mun fara fram í Lindakirkju
mánudaginn 26. apríl kl. 13.

Vegna fjöldatakmarkana verða einungis
nánustu ættingjar og vinir viðstaddir.

Ragnheiður Ármey Gunnarsdóttir

Hildur Birna Gunnarsdóttir

Gunnar Lúðvík Gunnarsson

Rebekka Ingadóttir
börn og barnabörn.



Ástkær móðir okkar,
Hrafnhildur Bergsveinsdóttir

lést á Hjúkrunarheimilinu
Sóltúni þann 14. apríl sl.
Útförin fer fram í Háteigskirkju
miðvikudaginn 28. apríl kl. 15. Allir velkomnir
á meðan húsrúm leyfir. Athöfninni verður einnig
streymt á vefslóðinni youtu.be/ubz2ewoRj9c

Kristín Jóhanna Björnsdóttir

Ingveldur Birna Björnsdóttir

María Dóra Björnsdóttir
og fjölskyldur.

ogniöchron

OSEC slökkvitæki
6 kg Duft
4.681 kr.
6 ltr. léttvatn/froða
7.409 kr.



Fina

FINA
optískur reykskynjari
992 kr.



Fina

FINA eldvarnarteppi
1x1 metri
Verð: 1.116 kr.



Master Lock

Master Lock 5441EURD
lyklageymslubox
Opnast með farsíma (bluetooth)
26.350 kr.



ÖRYGGI HEIMA OG Í BÚSTAÐNUM

Allir vilja koma að eignum sínum eins og þeir skildu við þær og tryggja öryggi sitt og sinna sem best. Því er sjálfsagt að grípa til varúðarráðstafana eins og að nota trausta lása, setja upp þjófvarnarkerfi, slökkvitæki og að sjálfsögðu reykskynjara. Margt konar öryggisvörur og lásar fást í úrvali hjá Lykillausnum.

Yale



YALE 4,2 ltr.
verðmætaskápur
7.409 kr.

Yale



YALE 8,6 ltr.
verðmætaskápur
8.649 kr.

Yale



YALE 16,3 ltr.
verðmætaskápur
11.129 kr.

Yale



YALE Alarmed 16,3 ltr.
verðmætaskápur
11.749 kr.

Yale



YALE SR-3200
þráðlaust þjófvarnarkerfi
71.300 kr.

BLAUPUNKT



Blaupunkt SA2700
þráðlaust þjófvarnarkerfi
39.990 kr.

Master Lock



- Eldtraustur
- Vatnsheldur
- innbyggt þjófvarnarkerfi

MasterLock 56,5 ltr. LFW205TWC
verðmætaskápur
Verð: 94.240 kr.

phoenix
SAFE COMPANY LIMITED



Phoenix KS0032E
lyklaskápur m/talnalás og 48 krókum
Verð: 18.910 kr.

Yale



Yale Smart Living HD1080P
WiFi innimynda vél
Verð 11.129 kr.

Lykillausnir er dótturfyrirtæki Véla og verkfæra

www.lykillausnir.is



LYKIL LAUSNIR
Lyklasmíði & öryggiskerfi

Frábært verð í Húsasmiðjunni og Blómavali

Sumarh

Eftirfarandi verslanir eru opnar í dag, sjá nánar á husa.is

Skútuvogur, Grafarholt, Hafnafjörður, Selfoss, Akureyri, Egilsstaðir, Vestmannaeyjar, Ísafjörður

Pottaplöntur blómaval

25% afsláttur

Ný sending
í hverri viku



Garðleikföng

20% afsláttur



Rafhlaupahjól

20% afsláttur



Háprýstidælur

20% afsláttur

Nilfisk



LADY málning

20% afsláttur



Pallaolía og hreinsir

20% afsláttur

Trebitt, margir litir í boði

JOTUN



Tröppur og hillur

20% afsláttur

AVASCO



Parket og flísar

25% afsláttur



Skoðaðu
blaðið
husa.is



IKRÍ
mogatec

Rafmagnshekkklippur

550W, 45 cm blað, klippigeta 16 mm.
5083754

7.995 kr

Vefverslun

**Sendum
um land allt**



husa.is



Flott í
útipottana blómaval
Sýpris

1.990 kr



HÚSASMIÐJAN

FYRIR
ÞIG

Gleðilegt sumar

Átíð



20%

NÝTT
NEXGRILL

Gasgrill Evolution
Grillflötur: 63x43,8 cm, með 4 ryðfríum
brennurum og auka grillplötum. 3000150

63.990 kr
~~79.990~~ kr

Sumarvöndur
Blómavals

Fylgir öllum
grillum í dag

meðan birgðir endast

29%

Margar líta-
samsetningar
í boði

Sumarvöndur
10001050

4.990 kr
~~6.990~~ kr



20%

NÝTT

OUTBACK

Gasgrill Tango 4B
Ryðfrítt með stórum grillflöt: 70x42 cm,
fjórir ryðfrír brennarar. 3000229

51.990 kr
~~64.990~~ kr

Hjólin eru komin Frábært verð

24" reiðhjól

Litir: Svart, gult
eða orange



Reiðhjól 24" Orient Snake
24" dekk, 21 gíra. 3901278, 3901279,
3901280

42.900 kr

26" reiðhjól

Litir: Gult, svart
eða orange



Reiðhjól 26" Orient Snake
26" dekk, 21 gíra. 3901281,
3901282, 3901283

46.900 kr

12" reiðhjól

Litir: Blátt, bleikt
eða gult



Reiðhjól 12"
Orient Rookie
12" dekk ásamt
hjálpardekkjum.
3901266, 3901267, 3901268

27.900 kr

Nú er rétti tíminn
til að klippa

20%

BLACK+
DECKER

Rafmagnshekkklippur
500W, 50 cm blað, klippigeta 22 mm,
sagar allt að 35 mm greinar. 5083646

13.595 kr
~~16.995~~ kr



Rafmagnskeðjusög
2200W, 40 cm blað. 5083731

15.995 kr

20" reiðhjól

Litir: Orange, gult
eða svart



Reiðhjól 20"
Orient Snake
20" dekk, 6 gírar. 3901269,
3901270, 3901271

35.900 kr

VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

Fimmtudagur

Reykjavík

 6 | 7
 °C | K

Ísafjörður

 5 | 4
 °C | K

Akureyri

 9 | 1
 °C | K

Egilsstaðir

 4 | 2
 °C | K

Kirkjubæjarkl

 7 | 2
 °C | K

Hveravellir

 1 | 7
 °C | K

Suðlæg átt 3-10 m/s og víða dálítill væta, en þurrt á Suðausturlandi og Austfjörðum. Suðaustan 5-13 á morgun, hvassast við suðvesturströndina. Rigning með köflum, en þurrt norðaustantil á landinu þegar kemur fram á daginn. Hiti víða 3 til 8 stig.

Föstudagur

Reykjavík

 8 | 7
 °C | K

Ísafjörður

 8 | 3
 °C | K

Akureyri

 11 | 2
 °C | K

Egilsstaðir

 10 | 4
 °C | K

Kirkjubæjarkl

 6 | 3
 °C | K

Hveravellir

 3 | 9
 °C | K

Laugardagur

Reykjavík

 9 | 9
 °C | K

Ísafjörður

 8 | 3
 °C | K

Akureyri

 11 | 1
 °C | K

Egilsstaðir

 11 | 2
 °C | K

Kirkjubæjarkl

 11 | 3
 °C | K

Hveravellir

 5 | 6
 °C | K

LÉTT

	1	7	2				6	
		4			6	7		5
	9			3				
		9						
4	6					3	8	
2			4			9		
7	5		1	9	2	8		
	3	8				1		
1			8	7				

MIDLUNGS

			5			6		3
	1		8		6			4
8		7		3				
	4	2			7			6
1	3				9	2		
			8					
			1			5		
		1				8		
6	9			2	8		3	

PUNG

				1		6		
	3	6			8			2
		9						5
						8		
3	1	8			2	9		
			7	3			6	
4			7		5		1	
	9	5		4				
8								

Krossgáta

- LÁRÉTT**
 1 stybba
 5 skaði
 6 átt
 8 málaletun
 10 tveir eins
 11 skilaboð
 12 skiki
 13 hnarreist
 15 reiknirit
 17 kauða
- LÓDRÉTT**
 1 úða
 2 gát
 3 gargi
 4 svipan
 7 dvöl
 9 dálitlu
 12 etja
 14 krap
 16 íþróttafélag

1	2	3		4	
5				6	7
8			9		
10				11	
		12			
13	14				
15				16	
	17				

LÁRÉTT: 1 svæla, 5 tap, 6 ný, 8 erindi, 10 til, 11 lora, 12 skák, 13 keik, 15 algrím, 17 gaura. LÓDRÉTT: 1 steinka, 2 varf, 3 æpli, 4 andra, 7 viðkoma, 9 nokkur, 12 síga, 14 eiga, 16 ri.

Skák Gunnar Björnsson

Ding Liren (2791) átti leik gegn Maxime Vachier-Lagrave (2758) í níundu umferð áskorandamótsins í fyrradag.

15. Rd4! Aðra umferðina í röð fékk Vachier-Lagrave á sig óvenjulega mannsförn. **15... cxd4 16. cxd4 0-0.** Frakkinn ákveður að gefa manninn til baka. **18. dxe5 fxe5.** Skákinni lauk með jafntefli eftir mikla baráttu. Ian Nepomniachtchi hefur vinnings forskot.

www.skak.is: Íslandsmótið í skák.



Hvítur á leik

7	8	3	4	9	5	2	1	6
6	9	2	7	3	1	5	8	4
1	4	5	2	6	8	3	7	9
2	6	8	5	1	9	4	3	7
3	7	1	6	2	4	8	9	5
4	5	9	3	8	7	1	6	2
8	3	4	9	7	2	6	5	1
5	1	7	8	4	6	9	2	3
9	2	6	1	5	3	7	4	8

7	1	5	8	2	9	6	4	3
8	4	6	5	7	3	2	9	1
3	2	9	4	6	1	5	7	8
1	9	7	3	4	5	8	2	6
2	3	8	9	1	6	7	5	4
5	6	4	7	8	2	1	3	9
6	5	2	1	3	4	9	8	7
9	7	3	6	5	8	4	1	2
4	8	1	2	9	7	3	6	5

9	7	5	1	3	4	6	8	2
6	8	3	5	2	9	7	1	4
2	1	4	6	7	8	9	3	5
5	4	8	7	6	1	3	2	9
1	6	2	8	9	3	4	5	7
7	3	9	2	4	5	8	6	1
8	2	7	4	5	6	1	9	3
4	9	1	3	8	2	5	7	6
3	5	6	9	1	7	2	4	8

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

Pondus

Eftir Frode Øverli



Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



SUMARTILBOÐ

PAVLOVA

1.950 KR.-

Tilboð gildir frá 22. apríl til 2. maí

Sími: 561 1433

www.bjornsbakari.is

mánudaga-föstudaga 7.30 - 17.30
 laugardaga 8.00 - 16.00
 sunnudaga 9.00 - 16.00

.....
 Austurströnd 14 • Hringbraut 35

Miklu meira en bara ódýrt



ViAir 12V loftdælur í miklu úrvali



Hjólafesting á bíl

frá 4.995



Viðgerðarkollur

7.495



Viðgerðarbretti

4.895



39.995

Verkfæraskápur á hjólum



99.999

Verkfæraskápur á hjólum m/verkfærum

frá 795

Mikið úrval af verkfæratöskum



Steðjar í miklu úrvali



Jeppatjakkur 2.25T 52cm

19.995



Hjólattjakkur 2T m/tösku

4.795



Vélagálgi 2T

49.999



Vélastandur 500kg

9.985



AirBrush loftdæla

19.995



7.995

1/2 Toppasett



3.995

1/4 Toppasett



Vice Multi angle

6.985



14.995

1/2+1/4 Toppasett Kraftmann 94stk



5.995

Verkfærasett 108 stk



4.995

Skrallyklar 8-17



6T Búkkar 605mm Par

9.999



frá 1.495

Startkaplar



4.995

Hleðslutæki 12V 6A

Fjöltengi í miklu úrvali, 1.5M/3M/5M 3/4/5/6/8 tengla



15.995

Ranamyndavél

Mikið úrval af LED kösturum og ljósum



Verðmæta-skápar

frá 5.995



Sandkassagrafa

4.995



Lyklabox í miklu úrvali



Verkfærasett

4.995



Burstasett í borvél

1.995



frá 995

Límbyssur



Vasaljós og lugtir, yfir 30 gerðir



13.995

Flísaög 80mm



Scanslib Hverfisteinn

frá 19.995



9.999

Silverline LI-ion 18V hleðsluborvél 13mm



Fjölsög Höfftech

5.999



Rafmagnsvirtaliur í miklu úrvali



Útskurðarsett



24.995

Súluborvél 350W



16.995

Metabo KS216 bútsög



14.995

SDS Lofthöggvél GMC SDS vélar frá 9.999,-

Myndlistavörur í miklu úrvali inn á:



Listverslun.is

Verkfæralagerinn

Smáratorgi 1, 201 Kópavogi, sími 588 6090, vl@verkfaeralagerinn.is
Mán.-fim. kl. 9-18, fös. kl. 9-18:30, lau. kl. 10-18, sun. kl. 12-17

Vill ekki verða nashyrningur

Þjóðleikhúsið frumsýnir Nashyrningana eftir Eugène Ionesco. Guðjón Davíð Karlsson er þar í hlutverki manns sem horfir á samborgara sína umbreytast.

Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb@frettabladid.is



JADARHUGMYND NÆR VINSÆLDUM OG ALLIR STÖKKVA Á VAGNINN OG BREYTAST Í NASHYRNINGA.

Þjóðleikhúsið frumsýnir í kvöld, fimmtudag, leikritið Nashyrningarnir eftir Eugène Ionesco. Þetta marglofaða verk var frumflutt árið 1959 og leikið í Þjóðleikhúsinu árið 1961. Það er sett upp reglulega víða um heim. Verkið er í leikstjórn Benedikts Erlingssonar og þar fer Guðjón Davíð Karlsson með hlutverk skrifstofumanns sem sér íbúa bæjarins breytast í nashyrninga, hvern af öðrum.

„Í uppfærslunni bera allar persónurnar nöfn leikaranna sem léku í uppfærslunni frá árinu 1961. Persóna mín í verkinu er Bérenger en í okkar uppfærslu heitir hann Lárus. Þannig að ég feta þarna í fótspor Lárusar Pálssonar,“ segir Guðjón Davíð. „Bérenger/Lárus vinnur á skrifstofu og starfið á engan veginn við hann. Hann er þreyttur á vinnunni og finnst sopinn góður. Hann verður fyrir stöðugum árásum frá samstarfsfélögum og vini sínum Róberti fyrir að vera illa til hafður og timbraður. Þegar samborgarar hans byrja að breytast í nashyrninga tekur óttinn yfir. Hann er yfirgengilega hræddur við faraldurinn sem geisar og vill ekki verða nashyrningur. Hann berst gegn því allt til enda og ætlar ekki að gefast upp.“

Stokkið á vagninn

Guðjón Davíð segir þetta fræga leikrit vera magnað. „Þetta er eitt af hinum stóru stóru leikverkum 20. aldarinnar. Það er ótrúlegur heiður að fá að takast á við þetta mikla burðarhlutverk. Verkið hefur náð miklum vinsældum um allan heim vegna þess að það speglar okkur

mannfólkið. Í því er varpað fram siðferðislegum og heimspekilegum spurningum.

Jadarhugmynd nær vinsældum og allir stökkva á vagninn og breytast í nashyrninga. Þótt flestir séu í byrjun sammála því að þeir séu stórir, klunnalegir og hættulegir, þá breytist viðhorfið fljótt hjá öllum nema einni persónu sem spyrnir niður fótum og vill ekki fylgja þeim. Það er persóna mín. Það sem gerist í leikritinu er nokkuð sem mannskepnan er að glíma við út um allan heim. Þannig á umfjöllunarefnið við í dag eins og áður.“

Draumur að vinna með Benna

Um leikstjórn Benedikt Erlingsson segir hann: „Það er alltaf draumur að vinna með Benna. Hann er stórkostlegur listamaður sem skapar gott andrúmsloft og vinnumoral sem smitar út frá sér. Hann leyfir okkur að leggjast í alls kyns rannsóknir og hefur skýra sýn og lausnir. Hann veit nákvæmlega hvernig hann vill segja þessa sögu og það fyllir okkur leikarana öryggi og tilfinningu. Hópurinn er líka ótrúlega flottur. Algjört draumalið. Þannig að það er búið að vera ein-



Guðjón Davíð í hlutverki sínu í þessu magnþrungna leikriti, sem sýnt er í Þjóðleikhúsinu. MYND/JORRI

ÞAD ER ÓTRÚLEGUR HEIÐUR AÐ FÁ AÐ TAKAST Á VIÐ ÞETTA MIKLA BURÐARHLUTVERK.

staklega gaman í vinnunni. Mikil stemning og gleði. Ég lofa flugeldasýningu.“

Getur ekki beðið

Hann segist fullur tilhlökkunar að fá að stíga á svið á ný. „Ekkert er eins skemmtilegt og að fá að segja magnaða sögu fyrir framan áhorfendur. Ég get ekki beðið. Við erum búin að bíða lengi og vinna baki brotnu við að skapa þessa sýningu. Það að fá loksins að sýna afraksturinn er ótrúlega spennandi. Ég trúi

því varla að það sé loksins komið að þessu.“

Spurður hvað sé fram undan hjá honum segir Guðjón Davíð: „Ég er nýbúinn að ljúka tókum á þáttaröðinni Verbúðin sem verður frumsýnd á Ruv næsta vetur. Það er búið að vera ótrúlega skemmtilegt. Svo verða vonandi sem flestar sýningar á Nashyrningunum. Ég er alltaf að skrifa og er með leikrit í undirbúningi og er að fara að leikstýra barnasýningu í Hörpu. Þannig að það er eitt og annað á dagskrá.“

Skáldavíman í píanóleiknum er smitandi

TÓNLIST

Árni Kristjánsson leikur verk eftir Mozart, Beethoven og Chopin

★★★★★

Polarfonia

Sagt er að Chopin hafi alltaf spilað á píanó í myrkri. Hann byrjaði á þessu þegar hann var lítill, slókti á öllum kertum áður en hann settist við píanóið. Sama gerði hann fullorðinn. Hann mun líka hafa spilað mjög finlega. Ekki var mikil breidd í styrkleikabrigðum í leik hans, en innan þröngs ramma voru ótal blæbrigði.

Þetta kemur á óvart, því ef marka má óteljandi upptökur með mörgum píanóleikurum, þá var tónlist Chopins samin af glysgjörnum extróvert. Yfirborðskenn tulkunin virðist vitna um það.

Árni Kristjánsson (1906-2003), sem var á vissan hátt faðir íslensks píanóleiks, bregður upp öðru ljósi af Chopin en maður á að venjast. Á geisladiski sem kom út fyrir nokkru eru fjölmargar prelúdíur. Þær eru úr safni og bera saman ópusnúmerið 28. Þar er einnig vögguvísa, Berceuse, sem Chopin samdi seint á lífsleiðinni.


Tignarlegur og háleitur

Árni var fyrst og fremst frábær kennari, en hann kom oft fram á tónleikum, venjulega sem meðleikari. Upptökurnar sem hér er að finna, allt einleikur, eru því forvitnilegar.

Túlkun Árna á verkum Chopins einkennist af innblæstri og dýpt sem maður upplifir sjaldan þegar tónskáldið er annars vegar. Þar er hjartahlýja og skáldavíma sem er smitandi. Árni leggur auðheyrliga

alla sálu sína í flutninginn. Leikurinn er svo tignarlegur og háleitur að maður fellur í stafi og finnur sig knúinn til að hlusta aftur – og aftur.

Árni var lítillátur listamaður. Það sést best á því að þegar hann starfaði sem tónlistarstjóri Ríkisútvarpsins, lét hann eyðileggja flestar upptökur sem höfðu verið gerðar af leik hans fyrir útvarpið. Túlkunin á Chopin er þó síður en svo hógvær eða feimnisleg. Þar er gripandi snerpa og dramatískar andstæður, en líka finofin viðkvæmni sem er alveg einstök.



Síðri Mozart og Beethoven

Tónsmíðar eftir tvö önnur tónskáld eru á diskunum. Það eru sónata í C-dúr KV 545 eftir Mozart, og sónata op. 109 í E-dúr eftir Beethoven. Þessar upptökur eru töluvert eldri en Chopin. Árni spilar Mozart þrýðilega, af tæknilegri nákvæmni og fágum, en tekst ekki almennilega að lyfta verkinu upp úr meðalmennskunni. Að mati undirritaðs er þetta er eitt af sístu verkum tónskáldsins.


Lakasta upptakan er þó sónatan eftir Beethoven, en hún er tæpum 40 árum eldri en upptökurnar með Chopin. Himinn og haf skilur

þær að. Túlkunin á Beethoven er í ákveðnu ójafnvægi, bæði tæknilega og listrænt séð. Sónatan sjálf er vissulega snilldarverk, en túlkun Árna, sérstaklega í síðasta kaflanum, er fremur öröleg – eins og hann hafi verið taugaóstyrkur þegar upptakan fór fram. Heildarmyndin er ekki sérlega sannfærandi.

Hljómurinn í upptökunum er misgóður svo sem við er að búast. Elsta upptakan er frá 1947 en þær yngstu frá 1983. Þær síðarnefndu eru auðvitað bestar, en þó vantar þar einhvern glans og fyllingu í hljóminn, hver svo sem ástæðan er. Fyrir bragðið þarf maður að hafa dálítið fyrir upplifuninni, lesa á milli línanna eins og sagt er. Chopin gerir það þess virði.

Jónas Sen

NIDURSTAÐA: Magnaður flutningur þegar best tekst til.



unicef 
fyrir öll börn

VELDU NÚNA

Taktu þátt í gagnvirkri upplifun án hliðstæðu á veldununa.is
og taktu ákvörðun sem skiptir raunverulega máli.

veldununa.is

DAGSKRÁ

Fimmtudagur

EXTRA

Kemur með Costco til þín...

GLEÐILEGT
SUMARZURU
BUNCH BALLOONS
420 STK4999
KR/PKMITRE
FÓTBOLTI
STÆRÐ 52699
KR/PKSPALDING
REPLICA
BASKETBALL S74999
KR/PK

HRINGBRAUT

- 18.30 Fréttavaktin** Farið yfir fréttir dagsins í opinni dagskrá.
- 19.00 Markaðurinn** Viðskiptafréttir samtímans í umsjón blaðamanna Markaðarins.
- 19.30 Saga og samfélag** er þáttur þar sem málefni líðandi stundar verða rædd í sögulegu samhengi og vikið að nýjustu rannsóknum fræðimanna á margvíslegum sviðum.
- 20.00 Mannamál** Einn sigildasti viðtalsþátturinn í íslensku sjónvarpi. Hér ræðir Sigmundur Ernir Rúnarsson við þjóðþekkta einstaklinga um líf þeirra og störf.
- 20.30 Fréttavaktin** Farið yfir fréttir dagsins í opinni dagskrá.
- 21.00 Suðurnesja-magasín** **Vikurfrétt** Mannlífið, atvinnulífið og íþróttirnar á Suðurnesjum.
- 21.30 Sir Arnar Gauti** Lífsstílsþáttur með Arnari Gauta sem fjallar um heimili, hönnun, matar- og veitinga-húsamenningu, arkitektúr og margt fleira.

RÚV SJÓNVARP

- 08.00 KrakkaRÚV**
08.01 Tulipop
08.04 Lalli
08.11 Tölukubbar
08.16 Skotti og Fló
08.23 Konráð og Baldur
08.35 Kúlugúbbarnir
08.58 Rán - Rún
09.03 Múminálfarnir
09.26 Hið mikla Bé
09.49 Grettir
10.00 Saltkráka II
11.30 Mamma klíkk!
13.25 Landinn
13.55 Af fingrum fram
14.40 Fjársjóður framtíðar
15.05 Ameríkuför Óskars
16.25 Síðasti bærinn í dalnum
17.50 Tákn málsfréttir
18.00 KrakkaRÚV
18.01 Allt um dýrin
18.25 Undraverðar vélar
18.40 Lúkas í mörgum myndum
18.50 Krakkafréttir
19.00 Fréttir
19.25 Íþróttir
19.30 Veður
19.40 Handritin - Vesku . Í þættinum verður saga heimkomu handritanna sögð með því að heyra margar ólíkar raddir, bæði íslenskar og danskar, sem rekja ástæður þess að það tók frændþjóðirnar langan tíma að semja um hvar þau skyldu varðveitt. Nú þegar helmingur handritasafns Árna Magnússonar hefur verið á Íslandi í hálfra öld er einnig horft til framtíðar og spurt hvaða vitnisburð handritin geyma fyrir komandi kynslóðir.
- 20.40 Stella í orlofi**
22.05 Glæpahneigð
22.45 St. Elmo's Fire
00.30 Dagskrárlok

STÖÐ 2 GOLF

- 09.55** LPGA Tour 2021
13.00 European Tour 2021
18.00 PGA Special: 25 Years of Tiger
18.45 PGA Tour: The Cut 2021
18.45 PGA Tour Profiles
19.30 PGA Tour 2021
22.30 Champions Tour 2021
23.25 2021 PGA Tour Champions Learning Center

ÚTVARP

FM 88,5 XA-Raðið
FM 89,5 Retro
FM 90,1 Rás 2FM 90,9 Gullbylgjan
FM 93,5 Rás 1
FM 95,7 FM957

SJÓNVARP SÍMANS

- 06.00** Síminn + Spotify
12.30 Dr. Phil
13.08 The Late Late Show with James Corden
13.48 The Block
14.48 Gordon Ramsay's 24 Hours to Hell and Back
15.29 90210
16.50 The King of Queens
17.10 Everybody Loves Raymond
17.35 Dr. Phil
18.20 The Late Late Show with James Corden
19.05 The Block
20.10 Aldrei ein
20.40 Pelé: Birth of a Legend
22.30 Systrabönd
23.15 The Late Late Show with James Corden
00.00 Love Island
00.55 Ray Donovan
01.45 Roadkill
02.40 The Good Lord Bird
03.30 The Walking Dead
04.15 Síminn + Spotify

RÚV RÁS EITT

- 06.55** Morgunbæn og orð dagsins
07.00 Fréttir
07.03 Snjalli vinur kæri
08.00 Morgunfréttir
08.05 Sumarkomuljóð eftir Matthías Jochumsson
08.09 Nú er sumar
09.00 Fréttir
09.03 Gleðilegt sumar
10.00 Fréttir
10.05 Veðurfregnir
10.15 Á reki með KK
11.00 Guðsþjónusta í Grafarvogskirkju
12.00 Hádegisútlit
12.20 Hádegisfréttir
13.00 Fuglar
14.00 Á tónsviðinu
15.00 Flakk
16.00 Síðdegisfréttir
16.05 Maximús heimsækir hljómsveitina
17.00 Aðalmina: Smásaga
17.25 Vorsónatan
18.00 Kvöldfréttir
18.10 Litli lögfræðingurinn: Smásaga
18.30 Hljómboxið
18.50 Veðurfregnir
18.53 Dánarfregnir
19.00 Árstiðirnar eftir Antonio Vivaldi
19.50 Karl, faðir minn: Smásaga
20.15 Að sjá heiminn með hjartanu
21.05 Krákan á sorphaug syngur
22.00 Fréttir
22.05 Veðurfregnir
22.10 Josquin des Prez - meistari tónanna
23.05 Áfangar
00.00 Fréttir
00.05 Næturútlit Rásar 1

STÖÐ 2 BÍÓ

- 11.10** Mary Shelley
13.05 Matters of the Heart
14.20 Second Act
16.00 Mary Shelley
18.00 Matters of the Heart
19.15 Second Act
21.00 The Hangover 3
22.35 Underwater
00.10 Unlocked
01.45 The Hangover 3

STÖÐ 2

- 08.00** Stóri og Litli
08.10 Skoppa og Skritla í húsdýrag.
08.45 Heiða
09.05 Mæja býfluga
09.15 Víkingurinn Viggó
09.30 Strumparnir
09.50 Að temja drekann sinn 3
11.35 Foodfight
13.00 The O.C.
13.40 Veronica Mars
14.25 Ísbiltúr með mömmu
14.50 Nostalgía
15.15 Nostalgía
15.40 Dimma og Sinfóniuhljóm-sveit Norðurlands
17.10 Eyjafjallajökull
17.40 Eyjafjallajökull
18.26 Veður
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.40 Sportpakinn
18.45 Annie Fjölskyldumynd frá 2014, byggð á sögunni af hinni munaðarlausu Annie sem flestir muna eftir. Nútíma Annie býr á fósturheimili og lætur sig dreyma um að góðir foreldrar komi og ættleiði hana. Dag einn hleypur hún óvart í fang frambjóðanda sem er á atkvæðaveiðum fyrir komandi kosningar. Aðstoðar-fólk hans fær þá hugmynd að leyfa Annie að eyða degi með frambjóðandanum og telja það snjalla leið til að auka álit almennings. Hann er sjálfur efins enda áhuga-lítill um börn en Annie á eftir að breyta því.
- 20.40** Hell's Kitchen USA
21.25 The Blacklist
22.10 NCIS
23.00 NCIS: New Orleans
23.45 Real Time With Bill Maher
00.40 Vegferð
01.20 Tell Me Your Secrets
02.10 We Are Who We Are
03.00 Prodigal Son 2
03.45 McDonald and Dodds

STÖÐ 2 FJÖLSKYLDA

- 18.25** Grami göldrótti
20.00 Friends
20.20 Friends
20.50 The Office
21.10 Keeping Faith
22.10 Svínasúpan
22.30 Nashville
23.20 Punky Brewster
23.50 Batwoman
00.30 Friends
00.50 Friends
01.15 The Office

STÖÐ 2 SPORT

- 08.45** Fram - Afturelding
10.15 Valur - ÍR
11.35 Haukar - ÍBV
12.55 Seinni bylgjan - karla
14.20 Goðsagnir - Ingi Björn
14.50 FH - Fram 25. júní 2003
15.10 Skallagrímur - Keflavík
17.00 Domino's körfuboltakv.kv
18.05 Höttur - Valur
20.05 Þór Þ. - KR
22.00 Domino's tilprifin 17. umf.
22.50 Skallagrímur - Keflavík

STÖÐ 2 SPORT 2

- 08.45** AC Milan - Sassuolo
10.30 Spezia - Inter Milan
12.10 Spænsku mörkin 20/21
13.00 Cádiz - Real Madrid
14.45 Levante - Sevilla
16.25 Fréttabáttur EM 2020
16.55 Atlético Madrid - Huesca
18.55 Ítölsku mörkin 2020/2021
19.55 Barcelona - Getafe
22.00 Elche - Real Valladolid
23.40 Juventus - Parma

CHANEL



CHANEL KYNNING 22.-25. APRÍL
Í LYFJUM OG HEILSU KRINGLUNNI
20% AFSLÁTTUR

 **Lyf & heilsa**

Enn í bíó



RETTFÆRDIGHEDENS RYTTERE

Háskólabíó, Laugarásbíó, Smárabíó, Borgarbíó
Fréttablaðið: 5 stjörnur
IMDb: 7,8
Rotten Tomatoes: 88%
Metacritic: -

RAYA AND THE LAST DRAGON

Smárabíó, Sambíóin, Laugarásbíó
Fréttablaðið: 3 stjörnur
IMDb: 7,4
Rotten Tomatoes: 94%
Metacritic: 75

DRUK

Bíó Paradís
Fréttablaðið: 4 stjörnur
IMDb: 7,8
Rotten Tomatoes: 92%
Metacritic: 80



BOSS LEVEL

Sambíóin
Fréttablaðið: 3 stjörnur
IMDb: 6,9
Rotten Tomatoes: 73%
Metacritic: 56

HVERNIG Á AÐ VERA KLASSA DRUSLA

Bíó Paradís
Fréttablaðið: 3,5 stjörnur
IMDb: 7,6
Rotten Tomatoes: -
Metacritic: -



Hápunktur myndarinnar er þegar Godzilla og Kong setjast loks á rökstóla, ræða málin af yfirvegum sín á milli og kveðjast síðan með kurt og pí.

Stórbrotnar stimpingar

KVIKMYNDIR

Godzilla vs. Kong

★★★★★

Leikstjórn: Adam Wingard
Leikarar: Alexander Skarsgård, Millie Bobby Brown, Rebecca Hall, Brian Tyree Henry, Shun Oguri

Það er blús að komast ekki í bíó. Fjöldi skoðanakannana víðs vegar um heim hefur sýnt að kvikmyndahúsin eru eitt af því sem fólk saknar hvað mest í þessu fordæmalausla völdi. Það er ekki hægt að fanga stemninguna heima fyrir, sama hversu miklu bíósalti er hella yfir örbylgjupoppið.

Þess vegna er frábært að fá ærið tækifæri til að skella sér í bíó þegar aðstæður leyfa. Godzilla og King Kong eru líklega einhver þekktustu nöfn kvikmyndasögunnar, þótt sá síðarnefndi hafi rétt eins og Harry prins afsalað sér konunglegum titlinum. Nú eru liðin tæp fimmtíu ár síðan skrímslin börðust síðast og því orðið tímabært að sjá hvernig bransinn hefur breyst á þeim tíma.

Furðulegt söguvið

Myndin á sér stað nokkrum árum eftir atburði Godzilla: King of the Monsters. Þar var kynnt til sögunnar valdabarátta risaskrímslanna um að verða að einhvers konar alfa-skímsli sem öll önnur skrímsli lúta fyrir. Þar er ekki gengið til lýðræðislegra kosninga heldur er konungurinn útnefndur með blóðugum slagsmálum.

Nú hefur mannkynið útbúið einhvers konar einangrunarrými fyrir Kong sem þarf rétt eins og við hin að passa upp á fjarlægðarviðmiðin. Það er þó ekki vegna neinnar veiru heldur vegna ótta við að þeir Godzilla taki upp á að slást með tilheyrandi eignatjóni. Eins og heiti myndarinnar gefur til kynna ganga þessar ráðstafanir þó ekki upp til lengdar og við tekur söguþráður þar sem reynt er eftir fremsta megni að réttlæta þetta furðulega söguvið.

Fólk og ferliki

Til að stilla upp enn frekar fyrir slaginn er kafað í hugmyndina sem

kynnt var í forverum myndarinnar um að jörðin sé í raun og veru hol og undir niðri leynist fjölbreytt lífríki af risaskrímslum – ágætis lager til að grípa í fyrir framhaldsmyndir. Þótt hugmyndin sé auðvitað ennþá jafn ómöguleg og þegar Jules Verne slengdi henni fram í Leyndardómum Snæfellsjökuls veitir þessi framandi undirheimur myndinni kærkominn lit og ævintýralegan blæ.

Rétt eins og í öllum myndum um risavaxin skrímsli er smáaxið mannfólk og amstur þess notað til að kítta í eyðurnar á milli hasarsins sem áhorfendur komu til að sjá. Hér er tveimur misskemmtilegum hópum fylgt eftir. Annars vegar eru það förunautar Kong á skemmtilegu heimshornaflakki og hins vegar eru það uppljóstrarar sem komast á snodir um samsæri stórfyrirtækis í óþarfa hliðarplotti. Það er þó í versta falli allt í lagi uppfyllingarefni.

Þá er loksins komið að kjötinu á beinunum, aflogunum á milli Godzilla og Kong, og þar er staðið

við allt sem var lofað. Hvort sem þau eru stödd á flugmóðurskipi á rúmsjó eða í kringum neonlýsta skýjakljúfa í Hong Kong þá er stórskemmtilegt að horfa á skrímslin lúberja hvort annað. Tæknibrellurnar eru tipp topp og hljóðvinnsla er til fyrirmyndar. Þá kemur inn síðbúinn leynigestur sem kórónar þetta allt saman.

Bákn og barsmiðar

Godzilla vs. Kong skilar frá sér öllu því sem hún ætlaði sér. Séu einhver vonbrigði um sögu eða persónusköpun skrifast þau með öllu á áhorfandann. Miðað við allt sem hefur dunið á upp á síðkastið er friðþægjandi að horfa á einfalda sögu af gamalkunnum vinum að ganga í skrokkinn hvor á öðrum. Fullkomin afsökun til að hlamma sér aftur í misgóð sæti kvikmyndahúsanna og sjá eftir því að klára poppið áður en myndin byrjar.

Arnar Tómas Valgeirsson

NIÐURSTADA: Frábær skemmtun sem skilur visvitandi ekki mikið eftir sig.

Leikar æsast þegar fól bærast í minnipokamönnum

Tímasetningin er frábær hjá þeim frábæra leikara Bob Odenkirk sem mætir í kvikmyndahúsi á Íslandi á föstudaginn í hasarmyndinni Nobody, þar sem hann sýnir og sannar með glæsibrag að með rétttri örvun hefur hann ekkert fyrir því að hrista af sér áru lögmansins Saul Goodman og umturnast í ofbeldisfautu í anda John Wick. Odenkirk er ekki beinlínis leikari sem kemur fyrst upp í hugann þegar hart keyrðar hasarmyndir eru annars vegar en þar þykir einmitt helsti galdur Nobody liggja þar sem hann kemur með mannlega taug á vígvöllinn og gefur myndinni um leið aukna vig.

Nú finn ég neistann...

Odenkirk leikur hinn mjög svo hversdagslega Hutch Mansell sem lifir átakanlega tilbreytingarlausu lífi enda í það minnsta á yfirborðinu sorglega átakafællinn minnipokamaður.



Bob Odenkirk sýnir að honum er fátt ofviða þegar hann setur sig í stellingar sem fólk er vanara að sjá Bruce Willis í gegn svimandi háum greiðslum.

Þegar tveir smákrímar ræna sparifé og ýmsu smálegu frá Hutch og fjölskyldu hans bráir hins vegar hressilega af honum og ekki er annað að sjá en hann hafi haldið

ofbeldisfullri fortíð leyndri þar sem þegar í harðbakkann slær kann hann ýmislegt fyrir sér í limlestingum og vopnaburði.

Hasarinn er keyrður í botn eftir

» KVIKMYNDASAGAN GEYMR VITASKULD ÓTAL MYNDIR UM VENJULEGT FÓLK SEM BREYTIÐ Í ÁRÁSARGJARNA BRJÁLÆÐINGA.

að Hutch finnur neistann sem kippir honum í gir og sýnir allt sem í honum býr og hraðar slagsmálasenur myndarinnar þykja til stakrar fyrirmyndar, enda runnar undan rifjum þeirra sömu og hafa útfært barsmiðar Keanu Reeves í John Wick-myndunum.

Blóðug fortíð

Margt er líkt með skyldum þar sem Derek Kolstad, handritshöfundur John Wick-myndanna, á einnig heiðurinn af Nobody, þannig að hann og rússneski leikstjórnin Ilya Naishuller eru hér síður en svo

að finna upp hjólið. Þeir snúa því hins vegar rosalega hratt og örugglega um leið og Odenkirk leggur til klassa sem er álika algengur í myndum af þessu tagi og hvítir hrafnar yfir Reykjavík.

Kvikmyndasagan geymir vitaskuld ótal myndir um venjulegt fólk sem breytist í árásargjarna brjálæðinga þegar því er ógnað. Death Wish-bálkurinn með Charles Bronson hafði á sínum tíma mikil áhrif í þessari deild. Þar byrjaði dagfarsprúður arkitekt á miðjum aldri að láta eins og The Punisher eftir hrottalega árás á eiginkonu hans og dóttur.

Persóna Hutch Mansell stendur þó nær persónum mynda á borð við A History of Violence og The Long Kiss Good Night sem ýmist bæla niður ofbeldishneigð sína eða hafa hreinlega gleymt henni. Þegar svo hversdagslíf þeirra er truflað með ofbeldi vaknar gamla eðlið til lífsins og allt verður vitlaust. – þþ

Pylsu kartöflu brauð



Nújung!

Nýsköpun í matvælaíðnaði

Núna færðu vinsæla kartöflubrauðið frá Myllunni einnig fyrir pylsurnar

Vinsældir nýja kartöflubrauðsins fyrir hamborgarana kalla einnig á nýtt kartöflubrauð fyrir pylsurnar. Stjörnukokkurinn sagði það töfra að baka þétt og mjúkt brauð af nákvæmni. Smakkaðu nýtt pylsubrauð frá Myllunni.

Stærra, þéttara og mýkra pylsubrauð

Prófaðu í dag nýtt, stærra, þéttara og mýkra pylsukartöflubrauð frá Myllunni – vonandi eina rétta brauðið fyrir þig og pylsuna.



Skannaðu QR kóðan og lestu um leyndarmálið bakvið þéttleikann og mýktina í brauðinu

Skóðaðu myllan.is



Veldu
íslenskt

Nýja kartöflu-
brauðið frá
Myllunni er
einnig komið
fyrir pylsurnar. Smakkaðu
pylsukartöflubrauðið í bláu
umbúðunum í dag.



Alltaf nýbakað
síðan 1959





**FERSK HAFRAMJÓLK!
FYRST SINNAR TEGUNDAR
AÐEINS 3 INNIHALDSEFNI**

LÍFRÆN &
GLÚTENFRÍ



Helga Guðrún, Brynja, Tanja Kristín og Ylfa Margrét eru allar á lokaári sínu á viðskiptabraut Verzlunarskóla Íslands og lærðu að sauma sérstaklega til þess að koma frumkvöðlaverkefni sínu í framleiðslu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Frumkvöðlar koma undan gervifeldinum

Helga Guðrún, Brynja, Tanja Kristín og Ylfa Margrét lærðu að sauma sérstaklega til þess að koma frumkvöðlaverkefni sínu í Verzló, tösku úr gervifeldi, á markað, undir merkinu Meyatöskur.

Þrjú inkonurnar Brynja Ólafsdóttir, Tanja Kristín Árnadóttir, Ylfa Margrét Ólafsdóttir og Helga Guðrún Önnudóttir Hrannarsdóttir ákváðu að handsauma sig inn á íslenskan tiskumarkað í lokaverkefni sínu í frumkvöðlafræði á viðskiptabraut Verzlunarskóla Íslands, með umhverfisvænum handtöskum sem þær markaðssetja undir merkinu Meyatöskur.

„Við þurftum að koma með hugmynd og vildum gera eitthvað tiskutengt. Það komu alveg upp nokkrar hugmyndir en okkur þótti þessi sú allra besta og bara einhvern veginn kolféllum fyrir þessu,“ segir Helga Guðrún um lokaverkefnið, sem varð að handtöskum sem hún og skólasystur hennar hanna, sauma og selja á Facebook og Instagram.

100% vegan

„Við ákváðum að við vildum ekki gera þetta úr alvöru feldi og að ekkert lifandi væri skaðað við framleiðsluna,“ segir Helga Guðrún og bætir við að þær hafi ekki aðeins haft dýra- og umhverfisvernd að leiðarljósi heldur eigi töskurnar að henta öllum kynjum. „Þetta er alveg 100% vegan þannig að þetta hentar öllum og er ekki heftandi fyrir neinn og er fyrir öll kyn og allt þannig.“

Aðspurð segir Helga Guðrún að þeim hafi reynt miklu auðveldara en þær bjuggust við að finna rétta feldinn fyrir töskurnar. „Það var reyndar alls ekki mjög flókið. Við höfðum bara samband við nokkrar efnisverslanir og heilðsölur og fundum litinn sem við vildum og allt þannig. Bara fallegan gervifeld á mjög góðu verði.“

Lærðu að sauma

Stelpurnar hönnuðu töskuna sjálfar og eru búnar að vera að sauma lagerinn í höndunum þótt þær hafi



Stelpurnar létu fagurfræðina ráða og slepptu jöðinu úr lögöinu sínu.

litið kunnað fyrir sér í þeim efnunum fyrir mánuði síðan.

„Við höfðum nú í rauninni bara enga reynslu af því að sauma en höfðum samband við stelpu sem kann þetta og á saumavél og allt þannig. Hún leyfði okkur að nota aðstöðuna sína og kenndi okkur á þetta í rauninni. Þannig að það var alveg frábært,“ segir Helga Guðrún.

„Við erum bara búnar að vera að sauma þetta allt síðasta mánuðinn. Þetta er búið að taka alveg ágætis tíma en er alveg 100% þess virði og við erum sko alveg tilbúnar til að leggja meiri vinnu í þetta. Þetta er rosalega gaman þótt þetta sé rosalega mikil vinna,“ heldur Helga Guðrún áfram og telur lagerstöðuna nokkuð góða. „Já, já, já. Algerlega. Við eigum smá lager sem ætti að anna eftirspurn.“

Fara hljóðlega af stað

Helga Guðrún segir hugmyndina að töskunni meðal annars hafa orðið til á Instagram-vallri þeirra og þær telji hana eiga fullt erindi þar sem þær hafi í raun ekki séð neitt svipað henni á Íslandi.

„Þetta er svona taska í minni kantinum og meira hugsuð bara fyrir aðaldótið; veski, síma, lykla og svoleiðis. Við hugsum þetta ekkert fyrir bækur, tölvu eða eitthvað þannig,“ segir Helga Guðrún

VIÐ ÁKVÁÐUM AÐ VIÐ VILDUM EKKI GERA ÞETTA ÚR ALVÖRU FELDI OG AÐ EKKERT LIFANDI VÆRI SKAÐAÐ VIÐ FRAMLEIÐSLUNA.

Helga Guðrún Önnudóttir Hrannarsdóttir

og segir töskuna til dæmis henta vel þegar farið er út að borða eða önnur tilefni þar sem minni taska kemur sér vel.

„Þetta er búið að fara svolítið hægt af stað hjá okkur en við erum algjörlega að fara að setja markaðsherferð af stað þar sem við ætlum bara að gera allt sem við getum til þess að sem flestir sjái þetta.“

Sleppa j-inu

Helga Guðrún segir að þær fjórar spóki sig að sjálfsögðu með eigin framleiðslu en taskan sé ekki áberandi á göngum Verzló. „EKKI strax. Við eigum allar tösku en það er svo stutt síðan salan hófst. Við erum bara búnar að vera á fullu að sauma og svoleiðis en við vonumst náttúrulega bara alveg 100% til að fara að sjá þetta gerast á næstu vikum.“

Þegar talið berst að vörumerkinu sjálfu, Meyatöskur, útskýrir Helga Guðrún fjarveru bókstafsins j. „Við vildum að nafnið byrjaði á M og það var bara eitthvað sem við vorum staðráðnar í.“

Svo horfðum við svolítið í stjórnumerkin og þá náttúrulega kemur meya inn en við ákváðum að sleppa j-inu til þess að þetta væri ekki tengt beint við stjórnumerkið. Okkur fannst það líka stíliserað flottara ef við slepptum jöðinu.

Stelpurnar selja töskurnar á 6.990 krónur og taka við pöntunum í einkaskilaboðum á @meyatoskur á Instagram og Facebook-síðu Meyatöskur. toti@frettabladid.is

KOMDU FAGNANDI

SUMARTILBOÐ **ORKUNNAR** Á VESTURLANDSVEGI

279
KR./STK.



2 FYRIR 1

AF ÖLLUM VÖRUM*

*ÞÚ KAUPIR EINA VÖRU OG FÆRÐ AÐRA EINS FRÍTT MEÐ



FRÍTT KAFFI
FYRIR LYKIL- OG KORTHAFA



**2 PYLSUR
OG GOS**



500 KR.



**SNEIÐ
OG GOSGLAS
AÐ EIGIN VALI
690 KR.**

Jafnaðu þig eftir veturinn með sumartilboðum Orkunnar á Vesturlandsvegi. Tilboðin gilda 22.–25. apríl.
Orkan – ódýrt fyrir alla.





BAKÞANKAR

Thomasar Möller



Borgarhljóð

Þegar ég gekk um Lækjargötu um daginn tók ég eftir því að einu hljóðin sem heyrðust komu frá háværum bílvelum og suðandi nagladekkjum. Svo kom flugvél inn til landingar með tilheyrandi vélarhljóði og þyt. Þetta eru sem sagt borgarhljóðin í dag.

Hér áður fyrr heyrðist hófadynur í Lækjargötunni. Þar voru hneggiandi hestar, skröltandi hestvagnar, blaðasalar sem öskruðu „Vísir! Nýjustu fréttir!“ og hróp og köll barna að leik í miðborg Reykjavíkur. En hvernig verða borgarhljóðin í framtíðinni? Verður borgin ef til vill hljóð?

Sala á rafbilum eykst um allan heim. Talið er að innan tíu ára verði nær eingöngu seldir hljóðlausir rafbilar. Munu borgarhljóð framtíðarinnar vera suð frá rafbilum og hljóðlausum rafskutlum, þannig að aftur fari að heyrast í fólki að tala saman og börnum að leik? Um allan heim eru hljóðtæknimenn að hanna hljóð fyrir rafbíla en hljóðlausir bílar geta verið hættulegir gangandi vegfarendum. Einnig er talið mikilvægt fyrir ökumenn slíkra bíla að fá tilfinningu fyrir hraðanum með hækandi hljómi.

Komið hafa fram hugmyndir að splunkunýjum hljóðum fyrir rafbíla. Þeir þurfa nefnilega ekki endilega að hljóma eins og gömlu bílvelarnar. Í því sambandi er nefnt að hljóð risaeðlanna í Jurassic Park-bíómyndunum er tilbúið, enda hefur enginn heyrt í þessum skepnum. Sem dæmi um nýjar hugmyndir að rafbilahljóðum má nefna að þegar nýjasti rafbillinn er gangsettur heyrst fyrst hljóð í símfónihljómsveit sem er að stilla hljóðfærin fyrir tónleika.

Rafbilar gætu hugsanlega gefið frá sér söng hrossagauks, hlátra-sköll eða fossnið. Einnig gætu þeir gefið frá sér hófadyn eða hróp og köll krakka að leik á sumardegnum fyrsta! Ég hlakka mikið til að heyra borgarhljóð framtíðarinnar. Gleðilegt sumar!

Rafmöggnuð tilboð!

Bara á nova.is í dag!



5.000 króna afsl.

Xiaomi Rafskúta Essential

44.990 kr.

Verð áður: 49.990 kr.



10.000 króna afsl.

Xiaomi Rafskúta 1S

59.990 kr.

Verð áður: 69.990 kr.



10.000 króna afsl.

Xiaomi Rafskúta Pro 2

64.990 kr.

Verð áður: 74.990 kr.



10.000 króna afsl.

Power Zero 8

72.990 kr.

Verð áður: 82.990 kr.



10.000 króna afsl.

Power Zero 9

106.990 kr.

Verð áður: 116.990 kr.



10.000 króna afsl.

Power Zero 10X

204.990 kr.

Verð áður: 214.990 kr.

D-vítamínbætt Léttmjólk

– eins og hollur sólargeisli

